



# **Áfangaskýrsla um þekkingarsetur á Íslandi**

**Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið**

**5. október 2010**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti : skýrslur og álitserðir  
Október 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sölvhólsgrötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-86-1

## Efnisyfirlit

Aðfaraorð .....	2
Samantekt gagnaöflunar .....	5
Skipting starfa eftir landshlutum .....	5
Samsetning þekkingarsamfélagsins.....	6
Fjármögnun eftir landshlutum .....	7
Viðfangsefni og áherslur.....	8
Menntun.....	8
Yfirlitskort .....	9
Mennta-, menningar-, rannsókn- og þjónustustofnanir á höfuðborgarsvæðinu.....	10
Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða .....	11
Landshlutar .....	11
Vesturland .....	11
Vestfirðir.....	20
Norðurland vestra .....	26
Norðurland eystra .....	33
Austurland .....	40
Suðurland .....	47
Suðurnes.....	54
Stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda .....	59
Áherslur Vísinda- og tækniráðs 2010 til 2012 .....	59
Áherslur byggðaáætlunar 2010-2013.....	59
Sóknaráætlun 20/20.....	60
Stoðkerfi atvinnulífsins og uppbygging þekkingarsetra/klasa.....	61
Vaxtarsamningar .....	62
Menningarsamningar .....	63
Aðrar greinagerðir.....	64
Fræðslu og símenntunarmiðstöðvar .....	64
Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands.....	65
Háskólastarfsemi og landsbyggðin .....	66
Áhrif þekkingarsetra í dreifbýli.....	67
Hver er menningarlegur grunnur þekkingarsamfélagsins? .....	68
Viðauki .....	69
Skýringar við kort af vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða. ....	69

## Aðfaraorð

Á undanförunum árum hafa ýmsir aðilar komið á fót margvíslegum mennta-, menningar- og þekkingarsetrum víðsvegar um landið. Hlutverk setranna eru ólík og eins hefur fjármögnun þeirra verið á mismunandi máta.

Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra og Samstarfsnefndar háskólastigsins þann 2. nóvember 2009 var lagt til að gert yrði yfirlit yfir þessa starfsemi á Íslandi, með það að markmiði að kortleggja fjármögnun, skipulag, hlutverk og rekstur þessara ólíku setra. Í framhaldi yrði skoðað nánar með hvaða hætti væri mögulegt að efla og styrkja slíka starfsemi, sérstaklega með auknum tengslum og samstarfi þessara aðila. Þá segir í skilagrein rýnihóps menntamálaráðherra um aðgerðir í háskóla- og vísindamálum frá 27. ágúst 2009: „Þekkingarstofnanir um land allt (rannsóknastofnanir, fræða- og háskólasetur og aðrar stofnanir sem stunda eða geta hýst rannsóknir) verði kortlagðar og myndað verði tengslanet með það markmið að koma á öflugum samstarfi við rannsóknir og kennslu og ná þannig verulegum samlegðaráhrifum“.

Þann 22. janúar 2010 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem fékk það erindi að taka saman yfirlit yfir þekkingarsetur á Íslandi.

Starfshópurinn var þannig skipaður:

Hellen M. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, formaður.

Rögnvaldur Ólafsson, forstöðumaður Fræðasetra Háskóla Íslands.

Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla - Háskólans á Hólum.

Stefanía Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Þekkingarnets Austurlands.

Stefán B. Sigurðsson, rektor Háskólans á Akureyri.

Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri Reykjavíkur Akadémíunnar.

Þórarinn V. Sólmundarson, sérfræðingur, þróunarsviði Byggingastofnunar.

Starfsmaður starfshópsins var Guðbjörg Guðmundsdóttir.

Starfshópurinn var settur á fót í tengslum við endurskoðun á háskólakerfinu þar sem skoðað er aukið samstarf, verkaskipting og sameining verkefna til að auka skilvirkni og viðhalda gæðum. Jafnframt var talið æskilegt að hópurinn fjallaði um þekkingarsetur sem heyra undir önnur ráðuneyti, sjálfstæðar stofnanir eða sveitarfélög. Með því er gerð tilraun til að fá heildstætt yfirlit yfir slíka starfsemi um land allt.

Með stofnun starfshópsins er mennta- og menningarmálaráðuneytið jafnframt að framfylgja stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010 - 2012 en í stefnunni segir: „Á Íslandi er fjöldi háskóla, stofnana, hugvitsmanna og fyrirtækja sem stunda rannsóknir og nýsköpun. Við núverandi aðstæður þarf að nýta sem best þá krafta sem fyrir eru og þá aðstöðu sem byggð hefur verið upp víðsvegar í landinu. Þó samstarf þessara aðila hafi aukist mikið á undanförunum árum verður að leita leiða til að efla það enn frekar“.

Heitið „þekkingarsetur“ er í þessari skýrslu notað sem samheiti yfir alla starfsemi sem lýtur að menntun, rannsóknum og þróun og menningu auk þjónustu og ráðgjafar, þ.m.t. stoðkerfi atvinnulífsins.

## Meginniðurstöður

Í áfangaskýrslu þessari eru birtar niðurstöður sem byggðar eru á þeim grunnupplýsingum sem starfshópur um þekkingarsetur á Íslandi aflaði á tímabilinu febrúar til apríl 2010. Upplýsinga var aflað um viðfangsefni og áherslur setrana, starfsmannahald og menntunarstig, fjármögnun starfseminnar og samstarfsverkefni á árinu 2009. Alls bárust svör frá 189 starfsstöðvum með 864 starfsmönnum í 552,1 stöðugildi. Skil voru einstaklega góð og almennt voru aðilar jákvæðir gagnvart þátttöku í verkefninu og töldu það mikilvægt.

Ljóst er að um mjög fjölbreytta starfsemi er að ræða með tilheyrandi efnahagslegum og menningarlegum áhrifum á hverju svæði. Þekkingarsetrin voru greind í 19 flokka eftir tegund starfseminnar og kom í ljós að setur eru flokkuð sem sérhæfð þekkingarsetur, menningarstarfsemi, háskóla-setur, símenntunarmiðstöðvar og aðilar tengdir stoðkerfi atvinnulífsins eru fyrirferðamest. Heildartekjur losa 5 milljarða og er skilgreint ríkisframlag um 50% þeirrar fjárhæðar, sveitarfélögin leggja til 542 milljónir eða 10,7% og sérstaka athygli vekur að tilgreindar aðrar tekjur eru 39,4% heildartekna eða tæpir 2 milljarðar og væri ástæða til að greina uppruna þessa þáttar í fjármögnun sérstaklega. Í samantektarkafli skýrslunnar er birt sundurgreining ofangreindra upplýsinga niður á svæðaskilgreiningu sóknaráætlunar 20/20 og í umfjöllun um einstaka landshluta eru þær brotnar niður á staðsetningu starfsstöðva.

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða eru mikilvæg viðbót við umfjöllun skýrslunnar um svæðisbundna þekkingarstarfsemi.

Aflað var upplýsinga um samstarfsverkefni þeirra 189 aðila sem tóku þátt í verkefninu, helstu samstarfsaðila, styrktaraðila og fleira. Eftir er að vinna úr þeim upplýsingum. Kortlagning verkefna sem þekkingarsetrin vinna að, auk yfirlits yfir samstarfs- og styrktaraðila, er mikilvæg, sérstaklega þegar kemur að því að greina virkni svæðisbundinnar þekkingarstarfsemi og tillögugerð um eflingu hennar, m.a. með aukinni samvinnu og samnýtingu.

Þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni er margbrotin að samsetningu og einkennist af smáum en fjölbreyttum einingum. Ljóst er að háskóla- og rannsóknarstarfsemi ýmis konar og tengsl hennar við stoðkerfi atvinnulífsins og fyrirtæki er mikilvæg. Jákvæð áhrif slíkrar þróunar fyrir samfélög, t.d. á fjölbreytni í atvinnu- og mannlífi er vel þekkt. Menningarstarfsemi er einnig afar mikilvæg í þessu samhengi. Menningarleg kjölfesta býr í haginn fyrir nýsköpun þar sem hún eflir framtakssemi í atvinnulífi og gerir staði aðlaðandi til búsetu fyrir menntað vinnuafli.

Samstarf og samskipti eru lykillinn að því að umbreyta rannsóknum og þróunarvinnu í raunverulega nýsköpun, vöruþróun, viðskiptatækifæri, samfélagsumbætur og aukna velferð. Samskipti og samstarf eru þannig jafn mikilvæg og fjárfestingar í rannsóknum og þróun. Forsenda skilvirks nýsköpunarkerfis í þekkingarsamfélagi nútímans er flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana.

Með enn frekara samstarfi þekkingarsetra sín á milli, við háskóla, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki má nýta mannauð og aðstöðu enn betur og stórauka aðgengi nemenda og fræðimanna að auðlindum menningar og náttúru landsins.

## Forsendur og aðferð við upplýsingaöflun

Þekkingarstarfsemi á landsbyggðinni er margslungin og einkennist af smáum en fjölbreyttum einingum og í upphafi verkefnisins þurfti því að skilgreina hvaða þekkingarstarfsemi væri tekin með. Viðmiðunarár er 2009 og ákveðið var að einskorða upplýsingaöflunina við starfsemi sem uppfyllti eftirfarandi tvö meginskilyrði.

- að starfsemin væri að hluta eða öllu leyti fjármögnuð af opinberu fjármagni ríkis og/eða sveitarfélaga
- að viðfangsefni starfseminnar væri á einhverju eftirtalinna sviða;
  - menntun og fræðsla
  - rannsóknir og þróun
  - menning
  - þjónusta og ráðgjöf

Unninn var vinnulisti um þekkingarstarfsemi sem uppfyllti framangreind skilyrði. Samráð var haft við atvinnuþróunarfélög og eftir atvikum fulltrúa sveitarfélaga um frágang listans. Fyrirvari er hafður um að ekki er öruggt að allir hafi verið tilgreindir á listann sem þar ættu að vera. Í listanum koma fram grunnupplýsingar um hvert setur þ.m.t. heiti, heimilisfang, tengiliðir, netföng, sími og heimasíða.

Stofnanir sem eru með höfuðstöðvar á landsbyggðinni en starfa á landsvísu eru ekki teknar með í tölulegum upplýsingum viðkomandi landshluta en þó er þar gerð grein fyrir starfsemi þeirra í stuttu máli. Hafi þessar stofnanir útibú eða starfsstöðvar í öðrum landshlutum er fjallað um þá starfsemi í viðkomandi landshluta. Þetta á við um Byggðastofnun, Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna, Landmælingar Íslands, Matvælastofnun og Ferðamálaráð.

Háskólar á landsbyggðinni eru teknir sérstaklega til umfjöllunar á sínum svæðum enda eru þeir áhrifamiklir í sínu nærumhverfi í því samhengi sem hér um ræðir, þó þeir starfi á landsvísu.

Stofnanir, háskólar og þekkingarsetur sem eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu eru ekki tekin með í þessum áfanga. Fjallað er um starfsstöðvar slíkra stofnana í hverjum landshluta fyrir sig, s.s. fræðasetur Háskóla Íslands, útibú Nýsköpunarmiðstöðvar, Matís o.fl.

Í viðauka er tafla um heildarfjárframlag til stofnana á landsvísu.

Í spurningarlista var óskað eftir upplýsingum um:

1. **Meginviðfangsefni og áherslur í starfi.** Hér var viðkomandi beðinn um upplýsingar um meginviðfangsefni starfseminnar.
2. **Starfsmannahald og menntunarstig.** Hér var viðkomandi beðinn að gera grein fyrir starfsmannamálum, þ.e. fjölda starfsmanna, stöðugildum, verkefnaráðningum og menntun.
3. **Fjármögnun starfsemi.** Hér var viðkomandi beðinn að gera grein fyrir heildartekjum starfseminnar, flokkað eftir uppruna.
4. **Samstarfsverkefni.** Hér var spurt um heiti verkefnis, verkefnasvið, um fjármögnun verkefnis og samstarfsaðila.

Í þessari áfangaskýrslu starfshópsins er einvörðungu gerð grein fyrir fyrstu 3 liðunum hér á undan. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að unnið verði enn frekar úr gögnum er tengjast samstarfsverkefnum.

Könnunin var framkvæmd í febrúar – apríl 2010 og hafði starfsmaður starfshópsins Guðbjörg Guðmundsdóttir umsjón með gerð listans, útsendingu, leiðbeindi um svörun og ítrekaði um skil.

Alls bárust svör frá 189 starfsstöðvum og voru skil nær 100% nema á Suðurnesjum.

Í vinnu starfshópsins var litið til stefnumótunar stjórnvalda í ýmsum málaflokkum sem talin er skipta máli um skipulag þekkingarstarfsemi á Íslandi. Í þessu samhengi er vísað til stefnu Vísinda- og tækniráðs 2010-2012 og áherslu Byggðaaáætlunar 2010-2013. Unnið var út frá svæðaskiptingu Sóknaráætlunar 20/20.

Slík stefnumótunarskjöl eru birt í sérstökum kafla ásamt greinargerð um stoðkerfi atvinnulífsins, menningarsamninga og vaxtarsamninga. Í kaflanum „Aðrar greinargerðir“ er fjallað um háskóla á landsbyggðinni, áhrif þekkingarsetra, menningargrunn þekkingarsamfélagsins, símenntunarmiðstöðvar, netháskóla og fræðasetur Háskóla Íslands

## Samantekt gagnaöflunar

### Skipting starfa eftir landshlutum

Alls bárust svör frá 189 starfsstöðvum. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu þeirra niður á landshluta ásamt upplýsingum um fjölda starfsmanna og stöðugilda.

Landshluti	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fastráðnir	Verkefnaráðnir
Vesturland	25	136,1	91,6	73,0	63,1
Vestfirðir	24	202,0	76,6	58,0	144,0
Norðurland vestra	32	98,1	72,9	58,5	39,6
Norðurland eystra	35	160,5	114,4	100,7	59,8
Austurland	32	105,2	76,1	63,2	42,0
Suðurland	33	124,5	89,2	75,8	48,7
Suðurnes <sup>1)</sup>	8	38,0	31,4	30,0	8,0
<b>Samtals</b>	<b>189</b>	<b>864,4</b>	<b>552,1</b>	<b>459,2</b>	<b>405,2</b>

<sup>1)</sup> Taka skal fram að Suðurnes skera sig út m.a. vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið og þess að stofnanauppbygging er þar með öðrum hætti en í öðrum landshlutum. Skoða þyrfti sérstaklega þennan landshluta þar sem viðbrögð við spurningarlista voru lítil.

## Samsetning þekkingarsamfélagsins

Eftirfarandi tafla sýnir starfsstöðvar flokkaðar eftir tegund starfsemi. Sérhæfð þekkingarsetur, menningarmál, háskólasetur, símenntunarmiðstöðvar og aðilar í stoðkerfi atvinnulífs eru ofarlega á listanum. Hér er ekki gerð grein fyrir fjármögnun vaxtarsamninga (260 milljónir) og menningarsamninga (288 milljónir) þar sem þær fjárhæðir koma að hluta fram sem aðrar tekjur undir annarri starfsemi.

Flokkun eftir tegund starfsemi	Starfs- stöðvar	Stöðugildi	Hlutfall	Fjármögnun <sup>1)</sup>	Hlutfall
Sérhæfð þekkingarsetur	34	75,9	13,7%	655.599	13,0%
Menning og fornleifar	26	73,7	13,3%	506.573	10,0%
Háskólasetur	15	72,1	13,1%	578.284	11,4%
Símenntunarmiðstöðvar	14	60,5	11,0%	816.742	16,2%
Leiðbeiningarmiðstöðvar landbúnaði	11	47,0	8,5%	435.100	8,6%
Atvinnuþróunarfélög	13	37,6	6,8%	409.767	8,1%
Skógrækt	6	34,5	6,2%	235.495	4,7%
Náttúrustofur	10	34,5	6,2%	278.891	5,5%
Matís	7	17,6	3,2%	185.590	3,7%
Þjóðgarðar	5	17,3	3,1%	274.000	5,4%
Hafrannsóknastofnunin	4	14,5	2,6%	149.000	2,9%
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	7	14,0	2,5%	165.100	3,3%
Menntun og starfsendurhæfing	5	10,5	1,9%	114.123	2,3%
Landgræðslan	5	8,2	1,5%	47.300	0,9%
Veiðimálastofnun	4	8,0	1,4%	98.900	2,0%
Fornleifavernd	6	8,0	1,4%	47.570	0,9%
Vaxtarsamningar	7	7,0	1,3%		0,0%
Menningarsamningar	7	6,8	1,2%		0,0%
Markaðsstofur	3	4,5	0,8%	54.200	1,1%
<b>Samtals</b>	<b>189</b>	<b>552,1</b>		<b>5.052.234</b>	

<sup>1)</sup> Fjárhæðir í þúsund krónum

Ofangreind tafla skýrir sig að langmestu leyti sjálf. Þó er rétt að nefna að í undirflokknum Sérhæfð þekkingarsetur falla setur eins og Landnámssetur Íslands, Melrakkasetur, Skjálftasetur, Selasetur, og Þórbergissetur. Sem dæmi um menningu og fornleifar má nefna Sjóminjasafnið Hellisandi, Minjasafn Egils Ólafssonar, Hnjóti, Menningarmiðstöð í Listagili, Akureyri, Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga, héraðsskjalasöfn o.fl. Háskólasetur eru þau setur sem miðla menntun á háskólastigi og hafa sterk tengsl við háskóla er varðar rannsóknastarfsemi, t.d. rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands, setur Háskólans á Hólum, Biopol, sjávarlíftæknisetur, Rannsóknarmiðstöð í Jarðskjálftaverkfræði, Háskólasetur Vestfjarða o.fl. Hvað varðar símenntunarmiðstöðvar þá falla Farskóli Norðurlands vestra, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Menntasetur á Þórshöfn, Þekkingarnet Austurlands o.fl. undir þann flokk. Þjóðgarðar eru Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og Vatnajökulspjóðgarður (fjögur starfssvæði) og tilgreindar eru starfsstöðvar Matís, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Hafrannsóknastofnunarinnar, Skógræktar ríkisins, Landgræðslunnar, Fornleifaverndar og Veiðimálastofnunar.



## Fjármögnun eftir landshlutum


Eftirfarandi töflur lýsa fjármögnun svæðisbundinnar þekkingarstarfsemi, skipt niður eftir uppruna. Aðrar tekjur eru tæp 40% heildarfjármögnunar en þar eru mest áberandi framlög frá opinberum aðilum, m.a. í gegnum styrktarsjóði og aðra verkefnafjármögnun. Svæðisbundnir sjóðir eru vaxtarsamningar og menningarsamningar.

Fjárhæðir í þúsund krónum.

Landshluti	Heildartekjur	Þar af ríkisframlag	%	Þar af sveitarfélög	%	Þar af aðrar tekjur	%
Vesturland	762.505	302.820	39,7%	80.479	10,6%	379.206	49,7%
Vestfirðir	625.182	395.167	63,2%	31.491	5,0%	198.524	31,8%
Norðurland vestra	599.011	316.579	52,9%	72.747	12,1%	209.685	35,0%
Norðurland eystra	1.098.169	616.663	56,2%	122.119	11,1%	359.387	32,7%
Austurland	683.102	343.380	50,3%	92.243	13,5%	247.480	36,2%
Suðurland	967.937	465.401	48,1%	75.671	7,8%	426.865	44,1%
Suðurnes	316.328	74.069	23,4%	67.559	21,4%	174.700	55,2%
<b>Samtals:</b>	<b>5.052.234</b>	<b>2.514.079</b>	<b>49,8%</b>	<b>542.308</b>	<b>10,7%</b>	<b>1.995.847</b>	<b>39,5%</b>

Svæðisbundnir sjóðir	Heildartekjur	Þar af ríkisframlag	%	Þar af sveitarfélög	%	Þar af aðrar tekjur	%
Vesturland	54.212	52.000	95,9%	2.212	4,1%	0	0,0%
Vestfirðir	77.100	57.000	73,9%	16.600	21,5%	3.500	4,5%
Norðurland vestra	78.300	62.000	79,2%	12.000	15,3%	4.300	5,5%
Norðurland eystra	137.852	90.000	65,3%	15.304	11,1%	32.548	23,6%
Austurland	90.900	61.500	67,7%	15.000	16,5%	14.400	15,8%
Suðurland	81.430	68.500	84,1%	9.600	11,8%	3.330	4,1%
Suðurnes	28.500	23.000	80,7%	5.500	19,3%	0	0,0%
<b>Samtals:</b>	<b>548.294</b>	<b>414.000</b>	<b>75,5%</b>	<b>76.216</b>	<b>13,9%</b>	<b>58.078</b>	<b>10,6%</b>


## Fjármögnun starfsemi



## Viðfangsefni og áherslur

Í könnuninni voru meginviðfangsefni starfsemi skilgreind sem **Menntun og fræðsla, Rannsóknir og þróun, Menning og Þjónusta og ráðgjöf**. Þátttakendur voru beðnir um að skilgreina sínar starfsáherslur /viðfangsefni með því að merkja 1 við meginviðfangsefni, 2 við það næsta og svo frv. Ef viðkomandi starfaði fyrst og fremst að rannsóknum en veitti jafnframt ráðgjöf þá skráði hann 1 í dálkinn Rannsóknir og þróun og 2 í dálkinn Þjónusta og ráðgjöf. Eftirfarandi tafla sýnir flokkun áherslna þeirra 189 aðila sem tóku þátt í könnuninni.

Meginviðfangsefni:	1	2	3	4	
Menntun og fræðsla	34	58	60	10	<b>162</b>
Rannsóknir og þróun	49	46	18	28	<b>141</b>
Menning	38	13	25	40	<b>116</b>
Þjónusta og ráðgjöf	68	56	34	17	<b>175</b>
<b>Fjöldi</b>	<b>189</b>	<b>173</b>	<b>137</b>	<b>95</b>	



## Menntun


Eftirfarandi tafla sýnir menntun starfsmanna. Um er að ræða 864.4 starfsmenn í 552,1 stöðugildi. Alls hafa 232,9 starfsmenn lokið meistara og/eða doktorsnámi eða 26,9%

Menntun	Fjöldi	Hlutfall
Doktorspróf	60,0	6,9%
Meistarapróf	172,9	20,0%
Diplomanám á meistarastigi	69,5	8,0%
Grunnháskólapróf	202,7	23,4%
Stúdentspróf	91,5	10,6%
Starfsnám á framh.sk.stigi	61,5	7,1%
Annað og ótilgreint	206,3	23,9%
<b>Samtals</b>	<b>864,4</b>	

Í ofangreindri töflu eru hvorki starfsmenn háskólanna né starfsmenn á aðalstarfsstöðvum hinna ýmsu stofnana sem staðsettar eru á landsbyggðinni meðtaldir.

## Yfirlitskort

Neðangreint Íslandskort sýnir m.a. staðsetningu 189 starfsstöðva ásamt 552,1 stöðugildum (Starfsstöðvar/Stöðugildi). Skyggða svæðið sýnir land neðan 200 metra hæðarlínu.



Við skoðun kortins er mikilvægt að hafa í huga að það sýnir einvörðungu staðsetningu starfsemi en starfssvæði viðkomandi getur verið mun stærra.

Stofnanir sem eru með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og starfa á landsvísu eru ekki sýndar á kortinu en ef um starfsstöðvar þeirra er að ræða eru þær teknar með. Þetta á við um Byggðastofnun, Skógrækt ríkisins, Landgræðsluna, Landmælingar Íslands, Matvælastofnun og Ferðamálaráð.

Háskólarnir á Akureyri, Hólum, Hvanneyri og Bifröst eru ekki sýndir á kortinu. Í umfjöllun skýrslunnar um einstaka landshluta er fjallað um háskólana sérstaklega, enda eru þeir áhrifamestir í sínu nærumhverfi þó þeir starfi á landsvísu.

## Mennta-, menningar-, rannsókn- og þjónustustofnanir á höfuðborgarsvæðinu

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir opinber framlög mennta-, menningar-, rannsóknastofnana sem starfa á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um að ræða opinber framlög en flestar þessar stofnanir afla jafnframt sértekna. Þessi listi er settur fram hér til að halda til haga opinberum framlögum til menntamála, menningarstarfs og rannsókna á höfuðborgarsvæðinu og er ekki tæmandi. Hafa skal í huga að hluti af framlögum stofnana á höfuðborgarsvæðinu renna til útibúa eða starfsstöðva á landsbyggðinni.

Stofnun	Opinber framlög 2010 <sup>1)</sup>
<b>Háskólar:</b>	
Háskóli Íslands	10.096,4
Háskólinn í Reykjavík	2.089,0
Listaháskóli Íslands	641,8
Raunvísindastofnun Háskóla Íslands	375,8
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	263,9
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum	201,7
<b>Samtals:</b>	<b>13.668,6</b>
<b>Menningarstofnanir:</b>	
Fornleifavernd ríkisins	108,2
Landsbókasafn Íslands	656,1
Þjóðminjasafn Íslands	413,3
Þjóðskjalasafn Íslands	296,1
<b>Samtals:</b>	<b>1.473,7</b>
<b>Símenntunarmiðstöðvar:</b>	
Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík	14,0
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	88,3
Mímir, símenntun	14,0
Námsflokkar Hafnarfjarðar, miðstöð símenntunar	9,9
<b>Samtals:</b>	<b>126,2</b>
<b>Þjónustu- og rannsóknastofnanir:</b>	
Bændasamtök Íslands	538,6
Ferðamálastofa	472,8
Fiskistofa	772,9
Hafrannsóknastofnuniin	1.367,2
Hagþjónusta landbúnaðarins	25,6
Matis	951,0
Náttúrufræðistofnun Íslands	411,5
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	482,0
Orkustofnun	651,6
ReykjavíkurAkademían	16,2
Skipulagsstofnun	173,8
Skógrækt ríkisins	258,3
Umhverfisstofnun	731,9
Veiðimálastofnun	108,4
<b>Samtals:</b>	<b>6.961,8</b>
<b>Heildarfjárveiting 2010</b>	<b>22.230,3</b>


<sup>1)</sup> Framlög skv. fjárlögum 2010, milljónir kr.

## Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða

Þegar fjallað er um svæðisbundið þekkingarsamfélag á grundvelli svæðaskiptingar sóknaráætlunar 20/20 er mikilvægt að hafa í huga vinnusóknarsvæði viðkomandi landshluta.

Byggðastofnun hefur í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin unnið greiningu á vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða 2008 -2009 sem afmarkast af vegalengdinni sem fólk ferðast á hverjum degi milli heimilis og vinnustaðar. Greiningin byggist á þekkingu á svæðum og fyrirtækjum sem starfsmenn atvinnuþróunarfélaganna búa yfir og samstarfi þeirra við fyrirtækin. Greiningin er þó hvorki einföld né einhlít því mörk sumra samliggjandi vinnusóknarsvæða eru óskýr. Mörk þeirra geta skarast mikið eða lítið og sums staðar skarast jafnvel mörk margra vinnusóknarsvæða. Sum vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða liggja hins vegar langt frá öðrum vinnusóknarsvæðum og þar eru mörkin augljós. Vegna þess hvernig að verkinu var staðið er höfuðborgarsvæðið ekki greint sem sérstakt vinnusóknarsvæði. Til þess þarf aðra aðferð, en hér er sýnt Suðvestursvæði 20/20 sóknaráætlunar. Á þessu svæði skarast vinnusóknarsvæði norðan, austan og sunnan við höfuðborgarsvæðið, þannig að nærtækt er að álykta að vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins nái suður og vestur yfir Suðurnes, austur fyrir Selfoss og norður fyrir Borgarnes.

Á yfirlitskortinu hér að neðan eru upplýsingar um vinnusóknarsvæði settar fram á einfaldaðan hátt. Í grófum dráttum er miðað við þéttbýlisstaði með yfir 200 íbúa. Á kortinu eru þannig sýnd 29 vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða auk suðvesturssvæðis (30). Íbúar sumra þessara þéttbýlisstaða, t.d. Breiðdalsvíkur (nr. 21) og Kirkjubæjarklausturs (nr. 24), eru færri en 130 en sumir þéttbýlisstaðir með 1.500 til 2.500 íbúa eru greindir með sérstök vinnusóknarsvæði s.s. Þorlákshöfn og Hveragerði því þau teljast samfallandi og innan vinnusóknarsvæðis Selfoss. Frekari skýringar á einstökum svæðum eftir númerum er að finna í viðauka.






## Vesturland 2009

Svæðisbundið þekkingarsamfélag


Íbúafjöldi .....	15.385
Heildarflatarmál .....	9.554 km <sup>2</sup>
Flatarmál undir 200 m.y.s.....	4.877 km <sup>2</sup>
Íbúar pr km <sup>2</sup> af heildar stærð.	1,61
Íbúar pr km <sup>2</sup> undir 200 m.y.s..	3,15
Starfsstöðvar .....	25
Stöðugildi .....	101,6

Skýring:

Starfsstöðvar / stöðugildi



### Mannfjöldabreytingar



LANDMÆLINGAR  
ÍSLANDS

Skýggt svæði sýnir landsvæði undir 200 metrum  
Guðbjörg Guðmundsdóttir 2010

Ofangreint kort sýnir m.a. staðsetningu 25 starfsstöðva ásamt 91,6 stöðugildum. Langstærstur hluti þekkingarsamfélagsins er í Borgarnesi eða 6 starfsstöðvar með 35,1 stöðugildi.

Við skoðun kortsins og annarra upplýsinga tengdum landshlutanum ber að hafa í huga að:


- Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst eru afar mikilvægir þátttakendur í þekkingarsamfélagi landshlutans. Um þá er fjallað sérstaklega og eru þeir ekki með í yfirlitstöflum um þekkingarsetur.
- Landmælingar Íslands eru staðsettar á Akranesi en starfa á landsvísu. Fjallað er stuttlega um stofnunina og tilgreind framlög frá hinu opinbera í lok kaflans. Slíkar stofnanir eru ekki með í yfirlitstöflum um þekkingarsetur.
- Stöðugildi hjá Akranesstofu, Byggðasafninu Akranesi og Héraðsskjalasafninu Akranesi eru áætluð 10 á 3 starfsstöðvum.

## Skipting starfa eftir staðsetningu

Eftirfarandi tafla og súlurit sýnir fjölda starfsstöðva og stöðugilda eftir staðsetningu.

Flokkun eftir staðsetningu	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fastráðnir	Verkefnaráðnir	Starfs- hlutfall verkefnaráðinna
Borgarnes	6	54,0	35,1	20,0	34,0	44,4%
Hvanneyri	4	30,5	18,3	24,5	6,0	
Reykholt	1	9,0	6,7	5,0	4,0	42,5%
Hreðavatn	1	5,0	5,0	5,0	0,0	
Stykkishólmur	4	13,0	9,9	8,5	4,5	30,7%
Ólafsvík	5	16,0	13,1	8,0	8,0	63,8%
Hellissandur	2	8,5	3,5	2,0	6,5	23,1%
Laugar	1	0,1	0,0	0,0	0,1	
Búðardalur	1	0,0	0,0	0,0	0,0	
<b>Samtals</b>	<b>25</b>	<b>136,1</b>	<b>91,6</b>	<b>73,0</b>	<b>63,1</b>	

### Yfirlit yfir staðsetningu stöðugilda



## Fjármögnun eftir staðsetningu


Neðangreind tafla sýnir greiningu á fjármögnun starfsemi flokkað eftir staðsetningu. Heildartekjur eru 762,5 milljónir og þar af er tilgreint ríkisframlag 302,8 milljónir eða 39,7% og framlag sveitarfélaganna 80,5 milljónir eða 10,6%. Hlutur annarra tekna eru 379,2 milljónir eða nærri helmingur heildartekna en þar eru mest áberandi framlög frá hinu opinbera. Neðri taflan sýnir fjármögnun Menningar- og Vaxtarsamninga á svæðinu.

<b>Fjármögnun starfsemi</b> <sup>1)</sup>	Heildar- tekjur	Ríkisframlag	%	Framlag sveitarfélaga	%	Aðrar tekjur	%
Borgarnes	293.249.647	55.045.161	18,8%	59.213.405	20,2%	178.991.081	61,0%
Hvanneyri	171.900.000	81.200.000	47,2%	1.140.000	0,7%	89.560.000	52,1%
Reykholt	72.000.000	18.700.000	26,0%	4.100.000	5,7%	49.200.000	68,3%
Hreðavatn	41.000.000	23.700.000	57,8%	0	0,0%	17.300.000	42,2%
Stykkishólmur	62.260.577	36.225.103	58,2%	9.200.716	14,8%	16.834.758	27,0%
Ólafsvík	84.935.000	57.600.000	67,8%	6.000.000	7,1%	21.335.000	25,1%
Hellissandur	37.000.000	30.350.000	82,0%	700.000	1,9%	5.950.000	16,1%
Laugar	160.000	0	0,0%	125.000	78,1%	35.000	21,9%
Búðardalur	0	0		0		0	
<b>Samtals</b>	<b>762.505.224</b>	<b>302.820.264</b>	<b>39,7%</b>	<b>80.479.121</b>	<b>10,6%</b>	<b>379.205.839</b>	<b>49,7%</b>

<b>Svæðisbundnir sjóðir</b> <sup>2)</sup>	Heildar- tekjur	Þar af ríkis- framlag	%	Þar af sveitar-félög	%	Þar af aðrar tekjur	%
Menningarsamningur	29.212.000	27.000.000	92,4%	2.212.000	7,6%	0	0,0%
Vaxtarsamningur	25.000.000	25.000.000	100,0%	0	0,0%	0	0,0%
<b>Samtals</b>	<b>54.212.000</b>	<b>52.000.000</b>	<b>95,9%</b>	<b>2.212.000</b>	<b>4,1%</b>	<b>0</b>	<b>0,0%</b>

- 1) Landmælingar Íslands, Akranesi eru ekki með í þessari samantekt - landsstofnun  
Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn Bifröst eru ekki með í þessari samantekt - landsstofnanir
- 2) Verkefnaframlög Menningarsamnings og Vaxtarsamnings eru að hluta tilgreind undir *Aðrar tekjur* í töflunni um *Fjármögnun starfsemi*.

### Fjármögnun starfsemi á Vesturlandi





## Samsetning þekkingarsamfélagsins


Eftirfarandi tafla sýnir hverjir eru tilgreindir sem þátttakendur í þekkingarsamfélagi svæðisins. Áherslan er töluverð á menningarstarf en eins eru sérhæfð þekkingarsetur áberandi. Stoðkerfið þ.e. atvinnuþróunarfélög og leiðbeiningamiðstöðvar í landbúnaði eru samtals með 20,6 stöðugildi á 3 starfsstöðvum. Í töflunni er ekki gerð grein fyrir fjármögnun Vaxtarsamnings (25 milljónir) og Menningarsamnings (29,2 milljónir) því þær fjárhæðir koma að hluta sem aðrar tekjur undir öðrum stofnunum.

Flokkun eftir tegund starfsemi	Starfs- stöðvar	Stöðugildi	Hlutfall	Fjármögnun	Hlutfall
Sérhæfð þekkingarsetur	2	17,8	19,4%	140.579.621	18,4%
Menning og fornleifar	8	16,9	18,5%	120.870.528	15,9%
Leiðbeiningamiðstöðvar landbúi	1	13,5	14,7%	118.800.000	15,6%
Háskólaasetur	2	8,4	9,2%	68.085.000	8,9%
Atvinnuþróunarfélag	2	7,1	7,8%	73.493.123	9,6%
Símenntunarmiðstöðvar	1	6,0	6,6%	75.000.000	9,8%
Skógrækt	1	5,0	5,5%	41.000.000	5,4%
Náttúrustofur	1	3,9	4,2%	27.135.378	3,6%
Hafrannsóknastofnunin	1	3,0	3,3%	22.300.000	2,9%
Þjóðgarðar	1	3,0	3,3%	34.000.000	4,5%
Veiðimálastofnun	1	2,0	2,2%	21.600.000	2,8%
Landgræðslan	1	2,0	2,2%	11.500.000	1,5%
Menningarsamningar	1	1,0	1,1%		0,0%
Vaxtarsamningar	1	1,0	1,1%		0,0%
Fornleifavernd	1	1,0	1,1%	8.141.574	1,1%
<b>Samtals</b>	<b>25</b>	<b>91,6</b>		<b>762.505.224</b>	

## Viðfangsefni - áherslur

Í könnuninni voru meginviðfangsefni starfsemi skilgreind sem **Menntun og fræðsla, Rannsóknir og þróun, Menning og Þjónusta og ráðgjöf**. Þátttakendur voru beðnir um að skilgreina sínar starfsáherslur /viðfangsefni með því að merkja 1 við meginviðfangsefni, 2 við það næsta og svo frv. Ef viðkomandi starfaði fyrst og fremst að rannsóknum en veitti jafnframt ráðgjöf þá skráði hann 1 í dálkinn Rannsóknir og þróun og 2 í dálkinn Þjónusta og ráðgjöf. Eftirfarandi tafla sýnir flokkun áherslna þeirra 25 aðila sem tóku þátt í könnuninni á Vesturlandi.

Meginviðfangsefni:	1	2	3	4	
Menntun og fræðsla	5	6	9	2	<b>22</b>
Rannsóknir og þróun	7	4	1	6	<b>18</b>
Menning	7	4	2	5	<b>18</b>
Þjónusta og ráðgjöf	6	8	8	0	<b>22</b>
<b>Fjöldi</b>	<b>25</b>	<b>22</b>	<b>20</b>	<b>13</b>	



## Menntun

Eftirfarandi tafla sýnir menntun starfsmanna. Um er að ræða 136,1 starfsmenn í 91,6 stöðugildum. Um 16 % starfsmanna hefur lokið meistara og/eða doktorsnámi.

Menntun	Fjöldi	Hlutfall
Doktorspróf	6,0	4,4%
Meistarapróf	16,0	11,8%
Diplomanám á meistarastigi	15,0	11,0%
Grunnháskólapróf	27,1	19,9%
Stúdentspróf	8,0	5,9%
Starfsnám á framh.sk.stigi	28,0	20,6%
Annað og ótilgreint	36,0	26,5%
<b>Samtals</b>	<b>136,1</b>	

Hafa þarf í huga við skoðun töflunnar að starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Bifröst eru ekki með í tölunum.

## Landbúnaðarháskóli Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí) var stofnaður árið 2005 en þá runnu saman skólarnir á Hvanneyri og Reykjum í Ölfusi og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins. Lbhí er mennta- og rannsóknastofnun á sviði náttúrunýtingar og umhverfisfræða með áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda landsins, skipulagsmál, menningu og sjálfbæra þróun. Lbhí starfar samkvæmt lögum um búnaðarfræðslu og lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Lbhí veitir m.a. fræðslu og vísindalega þjálfun fyrir fagfólk í landbúnaði og skyldum greinum.

Lbhí er heimilt að veita meistara- og doktorsgráður, sem og starfs- og endurmenntun á þeim sviðum sem kennd eru við skólann. Meginstarfsstöð Lbhí er á Hvanneyri í Borgarfirði en þar hefur skólahald á staðnum staðið óslitið í rúmlega 120 ár, eða frá árinu 1889. Einnig eru starfsstöðvar á Reykjum í Ölfusi, Keldnaholti við Reykjavík auk minni starfsstöðva á Möðruvöllum í Hörgárdal, Stóra-Ármóti í Hraungerðishreppi og Hesti og Mið-Fossum í Andakíl. Starfsemi Lbhí er að langmestum hluta bundin við Borgarfjörð og þar er Lbhí mjög mikilvægur fyrir svæðið. Nemendafjöldi við Lbhí hefur margfaldast á stuttum tíma og var Hvanneyri á tímabili sá þéttbýlisstaður á Íslandi sem óx hraðast. Á Hvanneyri hefur myndast um 500 manna þorp á síðustu árum sem skiptir auðvitað gríðarlegu máli fyrir byggðarlagið en Hvanneyri er með stærstu vinnustöðum svæðisins sem segir sína sögu .

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir varðandi Landbúnaðarháskóla Íslands .

## Landbúnaðarháskóli Íslands

Heildartekjur	1.246.172.025	Fjöldi starfsmanna	107	
Þar af ríkisframlag	521.700.000	41,9%	Stöðugildi 2009	98,2
Þar af sveitarfélög og aðrar tekjur	41.430.900	3,3%	Meðalfjöldi virkra nemenda	417,0
Annað sjálfsafláfé	683.041.125	54,8%	Fjöldi nemendaígilda 2009	275,6

## Háskólinn á Bifröst

Háskólinn á Bifröst gegnir mikilvægu hlutverki á Vesturlandi og er ein stærsta rekstrareiningin í Borgarbyggð. Skólinn hefur stækkað mikið á undanförunum árum og gegnir því vaxandi hlutverki í efnahagslegu tilliti á svæðinu og á landsbyggðinni.

Nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt og nú stunda um 1.300 nemendur nám við skólann og á Bifröst búa um 600 manns. Kennt er bæði í staðnámi á Bifröst og í fjarnámi yfir netið en nemendur koma þó á Bifröst á vinnuhelgum eða yfir nokkurra vikna tímabil á sumrin. Árið 2005 voru 374 nemendur í grunnnámi en árið 2009 eru þeir orðnir 524 talsins. Árið 2005 voru 122 nemendur í meistaranámi en árið 2009 eru þeir orðnir 294 talsins. Nemendum í frumgreinadeild Háskólans á Bifröst hefur fjölgað úr 67 árið 2005 í 86 árið 2009. Árið 2001 voru 173 ársnemendur í háskólanámi á Bifröst og 30 í frumgreinanámi eða samtals 203 ársnemendur. Árið 2008 voru 569 nemendur í háskólanámi og 67 í frumgreinanámi eða samtals 636 ársnemendur og hafði fjöldi þeirra rúmlega þrefaldast á þessum 7 árum.

Nú er meira en helmingur nemenda skólans í blöndu af fjar- og staðnámi en innan við helmingur nemenda er nú búsettur á Bifröst. Þessari fjölgun fjarnema er mætt með aukinni þjónustu, en fjarnemar koma á vinnuhelgum á Bifröst. Nær allar helgar er vinnuhelgi í einhverri af námsleiðunum á Bifröst og er þar kennt 48 vikur af 52 vikum ársins.

Skólinn hefur unnið nýja stefnu fyrir árin 2008-2012 og hefur það að markmiði að mennta forystufólk fyrir atvinnulíf og samfélag og skerpa sín vinnubrögð og sérstöðu.

Háskólinn á Bifröst hefur um árabíl starfrækt rannsókn- og fræðasetur sem styðja við starfsemi skólans á sviði kennslu og rannsókna. Setrin eru sniðin að því markmiði að auðvelda akademískum starfsmönnum skólans allt utanumhald um rannsóknir sínar og styðja við umsóknir úr rannsóknarsjóðum. Setrin taka einnig að sér afmörkuð verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir og veita framhaldsnemum tækifæri til að afla sér rannsóknareynslu eftir föngum.

Eftirfarandi tafla er yfirlit yfir nokkrar lykilstærðir varðandi Háskólann á Bifröst.

### Háskólinn á Bifröst

Heildartekjur	860.000.000		Fjöldi starfsmanna	84
Þar af ríkisframlag	355.000.000	41,3%	Stöðugildi 2009	62,0
Þar af sveitarfélög og aðrar tekjur	0	0,0%	Meðalfjöldi virkra nemenda	991,0
Annað sjálfsaflafé	505.000.000	58,7%	Fjöldi nemendaígilda 2009	660,0


## Landmælingar Íslands

Landmælingar Íslands er ríkisstofnun og heyrir undir umhverfisráðuneyti. Sögu stofnunarinnar má rekja aftur til aldamótanna 1900 er landmælingadeild danska herforingjaráðsins hóf kortagerð hér á landi. Landmælingar Íslands urðu sjálfstæð stofnun undir samgönguráðuneyti árið 1956 en hafa heyrt undir umhverfisráðuneyti frá árinu 1990. Landmælingar Íslands eru staðsettar á Akranesi þar sem stofnunin tók til starfa 1. janúar 1999. Starfsmenn eru 28. Markmið Landmælinga Íslands er að

tryggja að ávallt séu til aðgengilegar og áreiðanlegar staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um Ísland.

Opinber framlög til Landmælinga Íslands 2010 eru: 232 m. kr.

## Vinnusóknarsvæði



### Svæðin eru:

#### Borgarnes

Nær yfir Borgarfjarðardali, Mýrar, Skipaskaga og höfuðborgarsvæðið.

#### Bifröst

Nær yfir Borgarfjörð og Dali að Búðardal.

#### Stykkishólmur

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaðanna á norðanverðu Snæfellsnesi, Hellisands, Rífs, Ólafsvíkur, Grundarfjarðar og Stykkishólms.

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða afmarkast af vegalengdinni sem fólk ferðast á hverjum degi milli heimilis og vinnustaðar. Greiningin byggist á þekkingu á svæðum og fyrirtækjum sem starfsmenn atvinnuþróunarfélaganna búa yfir og samstarfi þeirra við fyrirtækin. Þetta verk er þó margslungið og mörk vinnusóknarsvæða eru flókin, sum skarast nokkuð, önnur mikið og sum svæði liggja langt frá öðrum vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða.

## Yfirlit yfir þátttakendur af Vesturlandi

Fyrirtæki/ Stofnun	Heimilisfang	Pnr.	Póstfang
Landnámssetur Íslands	Brákarbraut 13-15	310	Borgarnes
Meningarráð Vesturlands	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnes
Safnahús Borgarfjarðar	Bjarnarbraut 4-6,	310	Borgarnes
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnes
SSV - atvinnuráðgjöf	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnes
Vaxtarsamningur Vesturlands	Bjarnarbraut 8	310	Borgarnes
Búnaðarsamtök Vesturlands	Hvanneyrargata 3	311	Hvanneyri
Landbúnaðarsafn Íslands	Hvanneyri	311	Hvanneyri
Landgræðslan Héraðssetur	Hvanneyri	311	Hvanneyri
Veiðimálastofnun Hvanneyri	Ásgarði	311	Hvanneyri
Skógrækt Ríkisins Vesturlandi	Hreðavatn	312	Hreðavatn
Snorrastofa	Reykholt	320	Reykholt
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	Hafnargata 5	340	Stykkishólmur
Fornleifavernd	Hafnargata 3	340	Stykkishólmur
Háskóla­setur Snæfellsness	Hafnargata 3	340	Stykkishólmur
Náttúrustofa Vesturlands	Hafnargata 3	340	Stykkishólmur
SSV - atvinnuráðgjöf	Kirkjutún 2	355	Ólafsvík
Áthtagastofa Snæfellsbæjar	Kirkjutúni 2	355	Ólafsvík
Byggðasafn Snæfellsbæjar	Ólafsbraut 12	355	Ólafsvík
Hafrannsóknastofnunin	Norðurtanga	355	Ólafsvík
Vör - Sjávarrannsóknasetur við Breiðafjör	Norðurtanga	355	Ólafsvík
Sjóminjasafnið Hellissandi	Sandahrauni	360	Hellissandur
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull	Klettsbúð 7	360	Hellissandur
Byggðasafn Dalamanna	Leifsbúð	371	Laugar
Byggðasafn Dalamanna	Laugum í Sælingsdal	372	Búðardalur
Starfsstöðvar	25		

Skil voru góð á Vesturlandi en þeir sem ekki svöruðu fyrirspurn starfshópsins voru: Eiríksstaðir, Samkomuhúsið Arnarstapa, Sjávarsafnið Ólafsvík, Sögumiðstöð Eyrbyggju, Hákarlasetrið Bjarnarhöfn, Eldfjallasafnið Stykkishólmi og safnastarf á Akranesi.

Starfsmenn SSV Þróun og ráðgjöf aðstoðuðu við gerð listans.

## Vestfirðir



### Vestfirðir 2009

Svæðisbundið þekkingarsamfélag

Íbúafjöldi .....	7.267
Heildarflatarmál .....	8.897 km <sup>2</sup>
Flatarmál undir 200 m.y.s.....	3.663 km <sup>2</sup>
Íbúar pr km <sup>2</sup> af heildar stærð.	0,82
Íbúar pr km <sup>2</sup> undir 200 m.y.s..	1,98
Starfsstöðvar .....	24
Stöðugildi .....	76,6

Skýring:

Starfsstöðvar / stöðugildi



Ofangreint kort sýnir m.a. staðsetningu 24 starfsstöðva ásamt 76,6 stöðugildum. Langstærstur hluti þekkingarsamfélagsins er á Ísafirði með 10 starfsstöðvar og 42,0 stöðugildi.


### Skipting starfa eftir staðsetningu

Eftirfarandi tafla og súlurit sýnir fjölda starfsstöðva og stöðugilda eftir staðsetningu.

Flokkun eftir staðsetningu	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fastráðnir	Verkefnaráðnir	Starfs hlutfall verkefnaráðinna
Ísafjörður <sup>1)</sup>	10	138,5	42,0	36,0	102,5	5,8%
Bolungarvík	3	30,0	19,5	10,5	19,5	46,2%
Súðavík	1	5,0	1,6	1,0	4,0	15,0%
Patreksfjörður	3	12,0	4,0	4,0	8,0	
Örlygshöfn	1	5,0	2,0	1,0	4,0	25,0%
Bíldudalur	1	3,0	0,0	0,0	3,0	
Hólmavík	5	8,5	7,5	5,5	3,0	66,7%
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>202,0</b>	<b>76,6</b>	<b>58,0</b>	<b>144,0</b>	<b>12,9%</b>

1) Fræðslumiðstöð Vestfjarða tilgreinir 70 verkefnaráðna starfsmenn og Háskólasetur Vestfjarða 32.

## Yfirlit yfir staðsetningu stöðugilda



## Fjármögnun eftir staðsetningu

Neðangreind tafla sýnir greiningu á fjármögnun starfsemi flokkað eftir staðsetningu. Heildartekjur eru 625,1 milljón og þar af er tilgreint ríkisframlag 395,1 milljón eða 63,2% og framlag sveitarfélaganna 31,4 milljónir eða 5,0%. Hlutur annarra tekna eru 198,5 milljónir eða tæpur þriðjungur af heildartekjum en þar eru mest áberandi framlög frá hinu opinbera. Neðri taflan sýnir fjármögnun Menningar- og Vaxtarsamninga á svæðinu.


Fjármögnun starfsemi	Heildartekjur	Ríkisframlag	%	Framlag sveitarfélaga	%	Aðrar tekjur	%
Ísafjörður <sup>1)</sup>	460.021.177	305.416.000	66,4%	23.126.163	5,0%	131.479.014	28,6%
Bolungarvík <sup>2)</sup>	104.340.022	66.164.666	63,4%	3.060.000	2,9%	35.115.356	33,7%
Súðavík	7.450.000	3.000.000	40,3%	200.000	2,7%	4.250.000	57,0%
Patreksfjörður <sup>1) 2)</sup>	19.000.000	6.200.000	32,6%	0	0,0%	12.800.000	67,4%
Örlýgshöfn	17.470.962	8.585.919	49,1%	4.604.995	26,4%	4.280.048	24,5%
Bíldudalur	13.500.000	3.000.000	22,2%	500.000	3,7%	10.000.000	74,1%
Hólmavík <sup>1) 2)</sup>	3.400.000	2.800.000	82,4%	0	0,0%	600.000	17,6%
<b>Samtals</b>	<b>625.182.161</b>	<b>395.166.585</b>	<b>63,2%</b>	<b>31.491.158</b>	<b>5,0%</b>	<b>198.524.418</b>	<b>31,8%</b>

Svæðisbundnir sjóðir <sup>3)</sup>	Heildartekjur	Þar af ríkisframlag	%	Þar af sveitarfélög	%	Þar af aðrar tekjur	%
Menningarsamningur	50.600.000	32.000.000	63,2%	16.600.000	32,8%	2.000.000	4,0%
Vaxtarsamningur	26.500.000	25.000.000	94,3%	0	0,0%	1.500.000	5,7%
<b>Samtals</b>	<b>77.100.000</b>	<b>57.000.000</b>	<b>73,9%</b>	<b>16.600.000</b>	<b>21,5%</b>	<b>3.500.000</b>	<b>4,5%</b>

1) Fjármögnun ATVEST - atvinnuráðgjafar er öll skráð á aðalstarfsstöð félagsins á Ísafirði en starfsstöðvar eru jafnframt á Patreksfirði og Hólmavík

2) Fjármögnun Náttúrustofu Vestfjarða er öll skráð á aðalstarfsstöð stofunnar á Bolungarvík en starfsstöðvar eru jafnframt á Patreksfirði og Hólmavík

3) Verkefnaframlög Menningarsamnings og Vaxtarsamnings eru að hluta tilgreind undir *Aðrar tekjur* í töflunni um *Fjármögnun starfsemi*.



### Samsetning þekkingarsamfélagsins

Eftirfarandi tafla sýnir hverjir eru tilgreindir sem þátttakendur í þekkingarsamfélagi svæðisins. Áherslan er mest á háskólasetur og náttúrustofu en eins eru sérhæfð þekkingarsetur áberandi. Stoðkerfið, þ.e. atvinnuþróunarfélög, leiðbeiningamiðstöðvar í landbúnaði og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, er samtals með 9,5 stöðugildi á 5 starfsstöðvum. Í töflunni er ekki gerð grein fyrir fjármögnun Vaxtarsamnings (26,5 milljón) og Menningarsamnings (50,6 milljónir) því þær fjárhæðir koma að hluta sem aðrar tekjur undir öðrum stofnunum.


Flokkun eftir tegund starfsemi	Starfsstöðvar	Stöðugildi	Hlutfall	Fjármögnun	Hlutfall
Háskólasetur	2	25,1	32,7%	172.248.999	27,6%
Náttúrustofur	3	10,0	13,1%	66.115.886	10,6%
Símenntunarmiðstöðvar	1	8,4	11,0%	73.432.045	11,7%
Hafrannsóknastofnunin	1	6,5	8,5%	65.600.000	10,5%
Atvinnuþróunarfélag	3	6,0	7,8%	69.500.000	11,1%
Sérhæfð þekkingarsetur	5	5,8	7,6%	43.350.000	6,9%
Menning og fornleifar	2	4,0	5,2%	50.254.565	8,0%
Matís	1	3,0	3,9%	28.516.000	4,6%
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	1	2,0	2,6%	16.300.000	2,6%
Leiðbeiningamiðstöðvar landbúnaði	1	1,5	2,0%	13.200.000	2,1%
Menningarsamningar	1	1,3	1,7%		0,0%
Markaðsstofur	1	1,0	1,3%	18.000.000	2,9%
Vaxtarsamningar	1	1,0	1,3%		0,0%
Fornleifavernd	1	1,0	1,3%	8.664.666	1,4%
<b>Samtals</b>	<b>24</b>	<b>76,6</b>		<b>625.182.161</b>	



## Viðfangsefni og áherslur

Í könnuninni voru meginviðfangsefni starfsemi skilgreind sem **Menntun og fræðsla, Rannsóknir og þróun, Menning** og **Þjónusta og ráðgjöf**. Þátttakendur voru beðnir um að skilgreina sínar starfsáherslur /viðfangsefni með því að merkja 1 við meginviðfangsefni, 2 við það næsta o.s.v. frv. Ef viðkomandi starfaði fyrst og fremst að rannsóknum en veitti jafnframt ráðgjöf þá skráði hann 1 í dálkinn Rannsóknir og þróun og 2 í dálkinn Þjónusta og ráðgjöf. Eftirfarandi tafla sýnir flokkun áherslna þeirra 24 aðila sem tóku þátt í könnuninni á Vestfjörðum.

Meginviðfangsefni:	1	2	3	4	
Menntun og fræðsla	4	5	12	1	<b>22</b>
Rannsóknir og þróun	7	3	3	3	<b>16</b>
Menning	6	3	1	9	<b>19</b>
Þjónusta og ráðgjöf	7	12	2	1	<b>22</b>
<b>Fjöldi</b>	<b>24</b>	<b>23</b>	<b>18</b>	<b>14</b>	




## Menntun

Eftirfarandi tafla sýnir menntun starfsmanna. Um er að ræða 202 starfsmenn í 76,6 stöðugildum. 28 % starfsmanna hefur lokið meistara og/eða doktorsnámi.

Menntun	Fjöldi	Hlutfall
Doktorspróf	23,0	11,4%
Meistarapróf	34,2	16,9%
Diplomanám á meistarastigi	15,5	7,7%
Grunnháskólapróf	23,0	11,4%
Stúdentspróf	17,0	8,4%
Starfsnám á framh.sk.stigi	9,0	4,5%
Annað og ótilgreint <sup>1)</sup>	80,3	39,8%
<b>Samtals</b>	<b>202,0</b>	

1) Fræðslumiðstöð Vestfjarða tilgreinir 70 verkefnaráðna starfsmenn við kennslustörf

## Vinnusóknarsvæði



### VINNUSÓKNARSVÆÐI ÞÉTTBÝLISSTAÐA Á VESTFJÖRÐUM NEÐAN VIÐ 200 M.Y.S

Heimild: Atvest, Landmælingar Íslands  
04.10 - ÞVS/ÁR  
 **Byggðastofnun**

#### Svæðin eru:

##### Reykhólar

Austurhluti Barðastrandar, að Króksfjarðarnesi.

##### Patreksfjörður

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á sunnanverðum Vestfjörðum, Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar.

##### Ísafjörður

Svæði þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum, Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.

##### Hólmavík

Hólmavík, Drangnes og svæðið suður um Kollafjörð og Bitrufjörð.

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða afmarkast af vegalengdinni sem fólk ferðast á hverjum degi milli heimilis og vinnustaðar. Greiningin byggist á þekkingu á svæðum og fyrirtækjum sem starfsmenn atvinnuþróunarfélaganna búa yfir og samstarfi þeirra við fyrirtækin. Þetta verk er þó margslungið og mörk vinnusóknarsvæða eru flókin, sum skarast nokkuð, önnur mikið og sum svæði liggja langt frá öðrum vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða.

## Yfirlit yfir þátttakendur á Vestfjörðum

Fyrirtæki/ Stofnun	Heimilisfang	Pnr.	Póststöð
Atvest - Atvinnuráðgjöf	Árnagata 2-4	400	Ísafjörður
Búnaðarsamtök Vesturlands	Sindragata 2	400	Ísafjörður
Byggðasafn Vestfjarða	Neðstakaupstað	400	Ísafjörður
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Suðurgata 12	400	Ísafjörður
Hafrannsóknastofnunin	Árnagata 2-4	400	Ísafjörður
Háskólasetur Vestfjarða	Suðurgata 12	400	Ísafjörður
Markaðsstofa Vestfjarða	Aðalstræti 7	400	Ísafjörður
Matís	Árnagata 2 - 4	400	Ísafjörður
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Suðurgata 12	400	Ísafjörður
Vaxtarsamningur Vestfjarða	Árnagata 2-4	400	Ísafjörður
Fornleifavernd	Aðalstræti 21	415	Bolungarvík
Náttúrustofa Vestfjarða	Aðalstræti 15	415	Bolungarvík
Rannsókn og fræðasetur HÍ	Aðalstræti 21	415	Bolungarvík
Melrakkasetur	Eyardalsbæ	420	Súðavík
Atvest - Atvinnuráðgjöf	Aðalstræti 53	450	Patreksfjörður
Náttúrustofa Vestfjarða	Aðalstræti 53	450	Patreksfjörður
Sjóræningjahúsið	Vatneyri	450	Patreksfjörður
Minjasafn Egils Ólafssonar	Hnjóti, Örlygshöfn	451	Örlygshöfn
Skrímslasetrið	Strandgata 7	465	Bíldudalur
Atvest - Atvinnuráðgjöf	Höfðagata 3	510	Hólmavík
Menningarráð Vestfjarða	Höfðagata 3	510	Hólmavík
Náttúrustofa Vestfjarða	Höfðagata 3	510	Hólmavík
Strandagaldur s.e.s.	Höfðagata 3	510	Hólmavík
Sögusmiðjan	Kirkjuból á Ströndum	510	Hólmavík

### Starfsstöðvar 24

Starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða aðstoðuðu við gerð listans.

Skil voru mjög góð af Vestfjörðum en þeir sem ekki svöruðu fyrirspurn starfshópsins voru Bátasafn Breiðafjarðar og Sauðfjársetur.

## Norðurland vestra



### Norðurland vestra 2009

Svæðisbundið þekkingarsamfélag

Íbúafjöldi .....	7.500
Heildarflatarmál .....	13.092 km <sup>2</sup>
Flatarmál undir 200 m.y.s.....	4.042 km <sup>2</sup>
Íbúar pr km <sup>2</sup> af heildar stærð.	0,57
Íbúar pr km <sup>2</sup> undir 200 m.y.s.	1,86
Starfsstöðvar .....	32
Stöðugildi .....	72,9

Skýring:

Starfsstöðvar / stöðugildi



Skyggt svæði sýnir landsvæði undir 200 metrum  
Guðbjörg Guðmundsdóttir 2010

Ofangreint kort sýnir m.a. staðsetningu 32 starfsstöðva ásamt 72,9 stöðugildum. Langstærstur hluti þekkingarsamfélagsins er á Sauðárkróki eða 18 starfsstöðvar með 44,3 stöðugildum.


Við skoðun kortsins og annarra upplýsinga tengdum landshlutanum ber að hafa í huga að:

- Háskólinn á Hólum er afar mikilvægur þátttakandi í þekkingarsamfélagi landshlutans. Um skólann er fjallað sérstaklega en hann er ekki með í yfirlitstöflum um þekkingarsetur.
Kirkjubæjarstofa ses	Klausturvegur 2	880	Kirkjubæjarklaustur
Vatnajökulsþjóðgarður Vestursvæði	Klausturvegur 2	880	Kirkjubæjarklaustur
Hafrannsóknastofnunin	Strandvegur 50	900	Vestmannaeyjar
Matís Vestmannaeyjar	Strandvegur 50	900	Vestmannaeyjar
Náttúrustofa Suðurlands	Strandvegur 50	900	Vestmannaeyjar
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Bárustíg 1	900	Vestmannaeyjar
Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja	Strandvegur 50	900	Vestmannaeyjar
Surtseyjarstofa	Strandvegur 50	900	Vestmannaeyjar
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Strandvegur 50	900	Vestmannaeyjar
	Starfsstöðvar	34	

Skil voru góð á Suðurlandi. Starfsmenn Atvinnuþróunarfélags Suðurlands aðstoðuðu við gerð listans.

## Suðurnes



### Suðurnes 2009

Svæðisbundið þekkingarsamfélag

Íbúafjöldi .....	21.348
Heildarflatarmál .....	830 km <sup>2</sup>
Flatarmál undir 200 m.y.s.....	748 km <sup>2</sup>
Íbúar pr km <sup>2</sup> af heildar stærð.	25,72
Íbúar pr km <sup>2</sup> undir 200 m.y.s..	28,54
Starfsstöðvar .....	8
Stöðugildi .....	31,4

Skýring:

Starfsstöðvar / stöðugildi



LANDMÆLINGAR  
ISLANDS

Skýggt svæði sýnir landsvæði undir 200 metrum  
Guðbjörg Guðmundsdóttir 2010


Ofangreint kort sýnir m.a. staðsetningu 8 starfsstöðva ásamt 31,4 stöðugildum. Stærstu hlutar þekkingarsamfélagsins eru í Sandgerði og Reykjanesbæ.

### Skipting starfa eftir staðsetningu

Flokkun eftir staðsetningu	Fjöldi starfsstöðva	Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda	Fastráðnir	Verkefnaráðnir	Starfs hlutfall verkefnaráðinna	
Reykjanesbær	230	2	1,5	1,5	1,0	0,5	100,0%
Grindavík	240	1	2,5	2,5	2,0	0,5	100,0%
Sangerði	245	4	25,0	18,9	18,0	7,0	12,9%
Reykjanesbær	260	1	9,0	8,5	9,0	0,0	
<b>Samtals</b>		<b>8</b>	<b>38</b>	<b>31,4</b>	<b>30,0</b>	<b>8,0</b>	<b>17,5%</b>



## Yfirlit yfir staðsetningu stöðugilda



Upplýsingaöflun af Suðurnesjum var slök. Einnig var óljóst hvort ákveðin starfsemi ætti heima í þessari úttekt. Þar mætti helst nefna Keili- Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Virkjun mannauðs, Hugmyndahúsið - Ásbrú og Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, allt staðsett á varnarsvæðinu.

## Fjármögnun eftir staðsetningu

Neðangreind tafla sýnir greiningu á fjármögnun starfsemi flokkað eftir staðsetningu. Heildartekjur eru 316,3 milljónir og þar af er tilgreint ríkisframlag 74 milljónir eða 23,4% og framlag sveitarfélaganna 67,5 milljónir eða 21,4%. Hlutur annarra tekna eru 174,7 milljónir eða rúm 55% heildartekna. Neðri taflan sýnir fjármögnun Menningar- og Vaxtarsamninga á svæðinu.


Fjármögnun starfsemi	Heildartekjur	Ríkisframlag	%	Framlag sveitarfélaga	%	Aðrar tekjur	%
Reykjanesbær 230	11.338.000	5.669.000	50,0%	5.669.000	50,0%	0	0,0%
Grindavík	30.000.000	4.000.000	13,3%	19.000.000	63,3%	7.000.000	23,3%
Sangerði	105.990.000	43.000.000	40,6%	37.890.000	35,7%	25.100.000	23,7%
Reykjanesbær 260	169.000.000	21.400.000	12,7%	5.000.000	3,0%	142.600.000	84,4%
<b>Samtals</b>	<b>316.328.000</b>	<b>74.069.000</b>	<b>23,4%</b>	<b>67.559.000</b>	<b>21,4%</b>	<b>174.700.000</b>	<b>55,2%</b>

Svæðisbundnir sjóðir <sup>1)</sup>	Heildartekjur	Þar af ríkisframlag	%	Þar af sveitarfélög	%	Þar af aðrar tekjur	%
Menningarsamningur	28.500.000	23.000.000	80,7%	5.500.000	19,3%	0	0,0%
Vaxtarsamningur <sup>2)</sup>							
<b>Samtals</b>	<b>28.500.000</b>	<b>23.000.000</b>	<b>80,7%</b>	<b>5.500.000</b>	<b>19,3%</b>	<b>0</b>	<b>0,0%</b>

<sup>1)</sup> Verkefnaframlög Menningarsamnings eru að hluta tilgreind undir *Aðrar tekjur* í töflunni um *Fjármögnun starfsemi*

<sup>2)</sup> Vaxtarsamningur fyrir Suðurnes tók til starfa í upphafi árs 2010

### Fjármögnun starfsemi á Suðurnesjum



### Samsetning þekkingarsamfélagsins

Eftirfarandi tafla sýnir hverjir eru tilgreindir sem þátttakendur í þekkingarsamfélagi svæðisins. Áherslan er á starfsemi sérhæfðra þekkingarsetra, símenntunarmiðstöð og náttúrufar. Í töflunni er ekki gerð grein fyrir fjármögnun Menningarsamnings (28,5 milljónir) því sú fjárhæð kemur að hluta sem aðrar tekjur undir öðrum stofnunum.


Flokkun eftir tegund starfsemi	Starfs- stöðvar	Stöðu- gildi	Hlutfall	Fjármögnun	Hlutfall
Sérhæfð þekkingarsetur	3	15,0	47,8%	89.750.000	28,4%
Símenntunarmiðstöðvar	1	8,5	27,1%	169.000.000	53,4%
Náttúrustofur	1	3,4	10,8%	20.240.000	6,4%
Háskólasetur	1	3,0	9,6%	26.000.000	8,2%
Atvinnuþróunarfélag	1	1,0	3,2%	11.338.000	3,6%
Menningarsamningar	1	0,5	1,6%		0,0%
<b>Samtals</b>	<b>8</b>	<b>31,4</b>		<b>316.328.000</b>	

## Viðfangsefni - áherslur

Í könnuninni voru meginviðfangsefni starfsemi skilgreind sem **Rannsóknir og þróun, Þjónusta og ráðgjöf, Menntun og fræðsla** og **Menning**. Þátttakendur voru beðnir um að skilgreina sínar starfsáherslur /viðfangsefni með því að merkja 1 við meginviðfangsefni, 2 við það næsta o.s.v.frv. Ef viðkomandi starfaði fyrst og fremst að rannsóknum en veitti jafnframt ráðgjöf þá skráði hann 1 í dálkinn Rannsóknir og þróun og 2 í dálkinn Þjónusta og ráðgjöf. Eftirfarandi tafla sýnir flokkun áherslna þeirra 8 aðila sem tóku þátt í könnuninni á Suðurnesjum.

Meginviðfangsefni:	1	2	3	4	
Menntun og fræðsla	1	5	1	0	7
Rannsóknir og þróun	4	0	0	4	8
Menning	2	0	3	1	6
Þjónusta og ráðgjöf	1	3	3	1	8
<b>Fjöldi</b>	<b>8</b>	<b>8</b>	<b>7</b>	<b>6</b>	

### Meginviðfangsefni



## Menntun


Menntun	Fjöldi	Hlutfall
Doktorspróf	5,0	13,2%
Meistarapróf	2,0	5,3%
Diplomanám á meistarastigi	4,5	11,8%
Grunnháskólapróf	10,0	26,3%
Stúdentspróf	3,0	7,9%
Starfsnám á framh.sk.stigi	3,0	7,9%
Annað og óskilgreint	10,5	27,6%
<b>Samtals</b>	<b>38,0</b>	

## Vinnusóknarsvæði



VINNUSÓKNARSVÆÐI ÞÉTTBÝLISSTAÐA  
Á SUÐUNESJUM  
NEÐAN VIÐ 200 M.Y.S

Heimild: SSS, Landmælingar Íslands  
04.10 - ÞVS/ÁR



### Keflavík

Svæði þéttbýlisstaðanna á Reykjanesi, Keflavíkur, Keflavíkurflugvallar, Garðs, Sandgerðis, Njarðvíka og Voga. Nær til austurs og norðurs yfir höfuðborgarsvæðið.

### Höfuðborgarsvæðið

Höfuðborgarsvæðið og Suðvestursvæði 20/20 sóknaráætlunar, sýnt röndótt. Nær yfir hluta af vinnusóknarsvæðum nr. 1, 28 og 29 (sjá viðauka).

Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða afmarkast af vegalengdinni sem fólk ferðast á hverjum degi milli heimilis og vinnustaðar. Greiningin byggist á þekkingu á svæðum og fyrirtækjum sem starfsmenn atvinnuþróunarfélaganna búa yfir og samstarfi þeirra við fyrirtækin. Þetta verk er þó margslungið og mörk vinnusóknarsvæða eru flókin, sum skarast nokkuð, önnur mikið og sum svæði liggja langt frá öðrum vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða.

## Yfirlit yfir þátttakendur á Suðurnesjum

Fyrirtæki/ Stofnun	Heimilisfang	Pnr.	Póstfang
Atvinnuráðgjöf SSS	Iðavellir 12b	230	Reykjanesbær
Menningarfulltrúi Suðurnesja	Iðavellir 12	230	Reykjanesbær
Saltfisksetur Íslands	Hafnargata 12a	240	Grindavík
Fræðasetrið Sandgerði	Garðavegur 1	245	Sandgerði
Háskólasetur Suðurnesja	Garðavegur 1	245	Sandgerði
Náttúrustofa Reykjaness	Garðavegur 1	245	Sandgerði
Rannsóknastöðin	Garðavegur 1	245	Sandgerði
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Krossmói 4	260	Reykjanesbær
Starfsstöðvar	8		

Starfsmaður SSS – atvinnuráðgjafi aðstoðaði við gerð listans.

Upplýsingaöflun af Suðurnesjum var slök. Einnig var óljóst hvort ákveðin starfsemi ætti heima í þessari úttekt. Þar mætti helst nefna Keili - Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, Virkjun mannauðs, Hugmyndahúsið - Ásbrú og Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, allt staðsett á varnarsvæðinu. Allir þessir aðilar fengu spurningalistann og ítrekanir en án skila.

Ekki var óskað upplýsinga um Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunarinnar í Grindavík og Markaðsstofa Suðurnesja svaraði ekki.

Taka skal fram að Suðurnes skera sig út m.a. vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið auk þess sem stofnanauppbygging er með öðrum hætti en í öðrum landshlutum. Skoða þyrfti sérstaklega þetta svæði í framhaldinu þar sem viðbrögð við spurningarlistum voru lítil.

## Stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda

### Áherslur Vísinda- og tækniráðs 2010 til 2012

Í stefnu Vísinda- og tækniráðs til næstu þriggja ára er lögð áhersla á mikilvægi þess að efla þær stoðir sem rannsóknir og nýsköpun byggja á og nota þekkingarsköpunina til sóknar í atvinnulífi og samfélagi. Lögð er sérstök áhersla á aukið samstarf háskóla, stofnana og fyrirtækja við rannsóknir og nýsköpun.

Vísinda- og tækniráð tilgreinir 3 leiðarljós sérstaklega:

- Samvinna og samnýting
- Gæði og ávinningur
- Alþjóðleg vísindi og nýsköpun.

Um mikilvægi samvinnu og samnýtingar segir „Á Íslandi er fjöldi háskóla, stofnana, hugvitsmanna og fyrirtækja sem stunda rannsóknir og nýsköpun. Við núverandi aðstæður þarf að nýta sem best þá krafta sem fyrir eru og þá aðstöðu sem byggð hefur verið upp víðsvegar í landinu. Þó samstarf þessara aðila hafi aukist mikið á undanförunum árum verður að leita leiða til að efla það enn frekar“.

Öflun upplýsinga um starfsemi hinna fjölbreyttu þekkingarsetra til þess að fá heildarsýn yfir þessa starfsemi um allt land og kortleggja fjármögnun, skipulag, hlutverk og rekstur er mikilvægt innlegg í þessu samhengi.

### Áherslur byggðaáætlunar 2010-2013

Af tillögum í byggðaáætlun sem taka á viðfangsefninu og undirstrika mikilvægi aukins samstarfs og skilvirkni má nefna:

#### Efling þekkingarsetra

- Meginmarkmið að auka rannsóknir, þróun, og nýsköpun í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara og treysta þann árangur sem náðst hefur víða um land með myndun og starfi svæðisbundinna þekkingarsetra. Þekkingarsetur vísar til samstarfs fyrirtækja, háskóla, rannsóknarstofnana og stuðningskerfisins um rannsóknir, þróun og nýsköpun í þágu félagslegra og efnahagslegra framfara.

#### Skilvirkara stoðkerfi

- Meginmarkmið að bæta samhæfingu og skilvirkni í stoðkerfi atvinnulífsins. Unnið verði að bættu fyrirkomulagi í stoðkerfi atvinnulífsins, aukinni samhæfingu í störfum og auknu samstarfi innan þess.

#### Þróun og styrking vaxtarsamninga

- Meginmarkmið: Að efla nýsköpun og atvinnuþróun á landsvísu. Vaxtarsamningar eru ein helsta burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á aðferðafræði klasa á grundvelli sérstöðu og styrkleika hvers svæðis. Tilgangur þess er að efla staðbundna klasa með þátttöku þeirra í stærri heild sem getur náð meiri árangri í samstarfi, t.d. alþjóðlegu samstarfi, en einir sér.

## Sóknaráætlun 20/20

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hefja undirbúning að nýrri sókn til eflingar atvinnulífs og samfélags um allt land. Þetta er liður í efnahagslegri endurreisn þjóðarbúsins og hefur það að markmiði að Ísland verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum. Þetta verkefni hefur fengið heitið *20/20 Sóknaráætlun fyrir Ísland*.

Til þess að svo megi verða þarf að huga sérstaklega að hvernig hægt er að tryggja samkeppnishæfni landsins til lengri tíma. Sóknaráætlun felur í sér áform um fjárfestingar í mannauði og nauðsynlegum innviðum efnahagslífsins og stefnu um hvernig megi styrkja menntun og menningu, nýsköpun og þróun, umhverfismál og samfélagslega innviði. Grundvöllur atvinnustefnunnar skal vera fjölbreytni, jafnræði, heilbrigðir viðskiptahættir, jafnrétti og græn atvinnuuppbygging í samræmi við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Heildstæð sýn og sameiginleg markmið tryggja markvissari og öflugri áætlanagerð. Með sóknaráætlun skal ríkisstjórnin samþætta opinberar áætlanir sem miða að því að efla atvinnu, menntun og endurskipulagningu opinberrar þjónustu. Þannig verði stuðlað að betri nýtingu fjármuna og öflugu samstarfi stjórnarsýslustiga og stofnana, þvert á ráðuneyti. Við stefnumótunina skal sérstaklega huga að hópum sem hætt er við atvinnuleysi til langs tíma í kjölfar efnahagshrunsins, gera áætlanir sem miða að samfélagslegri þátttöku og virkni allra auk þess að styrkja samfélagslega innviði velferðarþjónustu, menntakerfis og menningarlífs. Samþætta þarf kynjasjónarmið allri áætlanagerð og tryggja að uppbygging samfélags og atvinnulífs taki mið af báðum kynjum.

Samþætt sóknaráætlun skal gerð fyrir landið sem heild en jafnframt skulu unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, þar sem landinu er skipt í átta svæði, sjá viðauka. Ætlunin er að hver landshlutaáætlun byggist á greiningu á styrkleikum og veikleikum hvers svæðis fyrir sig þar sem dregin er fram lykilhæfni svæðisins og atvinnugreina innan þess, skýr forgangsröðun og framtíðarsýn sem góð samstaða er um.

Ein grunnstoð verkefnisins er að kalla fram framtíðarsýn fyrir landið í heild og einstaka landshluta. Lagt verður heildstætt mat á styrkleika Íslands og tækifæri og hvernig sækja megi fram, ekki síst á sviði mennta- og atvinnumála. Ríkisstjórnin mun lagði verkefninu til 20 millj. kr. á árinu 2009 og 25 millj. kr. á fjárlögum fyrir árið 2010. Þessir fjármunir stóðu undir kostnaði við verkefnastjórn heildarverkefnisins og samræmda ráðgjöf, gagnaöflun og verkstjórn við gerð sóknaráætlana fyrir einstök sóknarsvæði.

## Stoðkerfi atvinnulífsins og uppbygging þekkingarsetra/klasa

Stefnumótun um uppbyggingu þekkingarsetra á vegum iðnaðarráðuneytis byggir að stofni til á hugmyndum og reynslu frá Finnlandi (Centre of Expertise). Um er að ræða samstarf sem grundvallast á þeim samlegðaráhrifum sem ná má með því að tengja markvisst saman stuðningskerfi nýsköpunar við margbreytilega starfsemi háskóla og þarfir sprota- og nýsköpunarfyrirtækja fyrir nýja þekkingu. Byggt hefur verið á svæðisbundnum sérkennum og styrkleikum til að efla atvinnulíf og mannlíf á sem víðtækastan hátt. Klasasamstarf hefur verið veigamikill þáttur í því að hnýta saman ólíka hagsmuni. Markmiðið er að styrkja félagslega og efnahagslega stöðu íbúanna með því að efla menntun á framhalds og háskólastigi, byggja upp rannsóknir og skapa virk tengsl þeirra við hverskonar nýsköpun og sjálfbæra atvinnuþróun. Byggja þarf upp nægilegan öflugan þekkingarmassa sem verði grunnstoð í svæðisbundnu þekkingarsamfélagi, sem geti boðið íbúnum upp á krefjandi og vel launuð störf, menningarlega fjölbreytni og félagslegt öryggi. Þannig verði samkeppnisstaða svæðisins byggð upp og verði veigamikill þáttur í samkeppnishæfni landsins alls.

Þessum hugmyndum hefur verið hrundið í framkvæmd með vaxtarsamningum sem gerðir hafa verið við atvinnuþróunarfélögin í landsbyggðarkjördæmunum þremur. Til ársloka 2009 var höfuðáhersla lögð á uppbyggingu klasa þeirra sem áttu hagsmuni af auknu samstarfi þrátt fyrir að samkeppni ríkti á milli þeirra dags daglega. Á árunum 2007-2009 urðu t.d. til 42 klasar á Suðurlandi þar sem komið var af stað samstarfs- og þróunarverkefnum á ólíkum sviðum eins og við matvælaþróun, menningar- og safnasamstarf, ferðaþjónustu og samstarf um kennslu og rannsóknir á háskólastigi.

Í vaxtarsamningum fyrir árin 2010-2013 hefur nýtt skref verið stigið í þróun slíkra þekkingarsetra. Uppbygging klasasamstarfs er að mestu komið í höfn og er nú lögð höfuðáhersla á að byggja upp rannsóknir og nýsköpun innan klasanna og þeirra á milli. Tilgangurinn er að ná meiri árangri en fyrr með því að leggja grunn að rannsóknastarfsemi sem geti leitt til umtalsverðs árangurs í endurnýjun og uppbyggingu atvinnulífsins. Að því er stefnt að svæðisbundnir klasar nái getu til að öðlast styrki úr samkeppnissjóðunum og geti tekið þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Í þingsályktun um byggðaáætlun fyrir árin 2010-2013 er enn lögð áhersla á eflingu þekkingarsetra á landsbyggðinni. Í tillögu um eflingu þekkingarsetra segir m.a. „meginmarkmið að auka rannsóknir, þróun, og nýsköpun í þágu efnahagslegra og félagslegra framfara og treysta þann árangur sem náðst hefur víða um land með myndun og starfi svæðisbundinna þekkingarsetra“.

Markmið nútímalegrar atvinnu- og byggðastefnu er að búa til „svæði sem læra“ (e. learning regions). Tiltekin skjalfest þekking, t.d. nýjar aðferðir eða þekking sem er mikilvæg í nýjum framleiðslu greinum er „brædd saman“ við þöglu þekkingu, t.d. verksvit á tilteknu sviði, sem oft tengist sögulegum aðstæðum. Úr verður stað- eða svæðisbundin þekking sem skapar sérstöðu og samkeppnisforskot.

## Vaxtarsamningar

Vaxtarsamningar eru ein helsta burðarstoð atvinnuþróunar og nýsköpunar á landsbyggðinni og veigamikill þáttur í framkvæmd Byggðaáætlunar 2010 til 2013. Í vaxtarsamningum er ábyrgð og framkvæmd færð út í landshlutana og stefnumótun heimamanna og mat þeirra byggir á styrk og sérkennum hvers svæðis. Við framkvæmd vaxtarsamninga hefur verið lögð áhersla á klasa. Mikilvægt er að það klasasamstarf sem stofnað hefur verið til verði sem mest sjálfbært svo svigrúm sé til þess að halda áfram að styðja og þróa nýja klasa auk meiri áherslu á rannsóknir og nýsköpun, m.a. í gegnum þekkingarsetur. Mið er tekið af gerð heildstæðrar sóknaráætlunar fyrir alla landshluta og skipting samninganna að nokkru samræmd svæðaskiptingu áætlunarinnar.

Vaxtarsamningar hafa verið gerðir við 8 svæði á landsbyggðarkjördæmunum þremur og fara atvinnuþróunarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga með framkvæmd samninganna á hverju svæði. Í byrjun febrúar 2010 voru endurnýjaðir vaxtarsamningar fyrir Vestfirði, Vesturland, Suðurland og Austurland og nýr samningur gerður við Suðurnes. Gildistími þeirra er til ársloka 2013. Samningar við Eyjafjarðarsvæðið og Norðausturland sem giltu til ársloka 2009 voru framlengdir með viðaukasamningum til ársloka 2010. Samningur við Norðurland Vestra gildir óbreyttur út þetta ár.

Helstu breytingar á nýjum samningum eru í fyrsta lagi skipun verkefnastjórnar en ábendingar skulu koma um einn stjórnarmann hver frá eftirtöldum aðilum innan svæðis: landshlutasamtökum sveitarfélaga, samtökum í atvinnulífi, samtökum á háskólastigi, Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Iðnaðarráðherra skipar fimm manna verkefnastjórn út frá ábendingum auk formanns. Í öðru lagi er aukin krafa gerð um form og skil á aðgerða- og fjárhagsáætlunum, framvinduskýrslum og ársreikningum. Í þriðja lagi er fjármögnun samninganna með þeim hætti að allt fjármagn þeirra skal renna til verkefna. Í fjórða lagi er lagður grunnur að samræmdum mælikvörðum til árangursmats sem auðveldar mat á heildarárangri af starfi samninganna yfir landið.

Að auki er skipting fjárframlags milli svæða nú byggð á fimm breytum: íbúafjölda, þéttleika byggðar, atvinnuleysi, íbúaþróun og hagvexti á hverju svæði.

Ákvæði í samningunum um fjármögnun næstu ára eru með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis en eftirfarandi tafla sýnir skiptingu framlaga ríkisins til vaxtarsamninga fyrir árið 2010:

Vaxtarsamningur	Framlag ríkisins árið 2010
Vaxtarsamningur Suðurnesja	27.000.000
Vaxtarsamningur Vesturlands	25.000.000
Vaxtarsamningur Vestfjarða	27.000.000
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra	30.000.000
Vaxtarsamningur Eyjafjarðar	26.000.000
Vaxtarsamningur Norðausturlands	24.000.000
Vaxtarsamningur Austurlands	20.000.000
Vaxtarsamningur Suðurlands	35.000.000
<b>Samtals</b>	<b>214.000.000</b>



## Menningarsamningar

Tilgangur menningarsamninga við sveitarfélög er að efla menningarstarf og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga við slíkt starf í einn farveg. Um leið eru áhrif sveitarfélaga á forgangsröðun verkefna aukin. Ríkið leggur fé til samninganna en sveitarfélögin leggja jafnframt fram fé til sameiginlegra verkefna hvort heldur er með eigin framlögum eða frá einkaaðilum. Framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis á árinu 2010 nema alls 270,5 millj. kr. vegna átta menningarsamninga, og framlög iðnaðarráðuneytisins (en þangað hafa verkefni tengd ferðamálum verið flutt frá samgönguráðuneyti) nema alls 34 millj. kr. Heildarframlag ríkisins vegna samninganna er því 304,5 millj. kr. á yfirstandandi ári. Miðað er við að á árinu nemi framlag sveitarfélaganna a.m.k. 25% af framlagi ríkisins árið 2010. Þá skulu sveitarfélögin greiða að lágmarki helming kostnaðar vegna starfsemi menningarráðs á árinu.

### Menningarsamningur við Akureyri

Tilgangur samningsins er að efla Akureyri sem miðstöð menningarstarfs utan höfuðborgarsvæðisins í samræmi við stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Stuðningi ríkis og bæjar við meginverkefni á menningarsviði er beint í einn farveg þannig að saman fari frumkvæði og ábyrgð á verkefnum. Samningurinn nær til framlaga ríkissjóðs til tiltekinna menningarverkefna á Akureyri fyrst og fremst til Leikfélags Akureyrar, Listasafns Akureyrar og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands. Framlög Akureyrar-bæjar til samningsins nema í heildina ekki lægri fjárhæð en framlag ríkissjóðs á hverjum tíma. Samningur um þessi mál var fyrst gerður 1997.

Á árinu 2010 er framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samningsins 120 millj. kr.

### Aðrir menningarsamningar

Aðrir menningarsamningar við Vesturland, Eyþing á Norðurlandi eystra, sveitarfélög á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Suðurlandi og Suðurnesjum, eru áþekkir að efni og framkvæmd. Menningarráð svæðanna eru samstarfsvettvangur sveitarfélaganna og hafa meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugum þróunarstarfi í menningarmálum, úthluta fjármagni til menningarverkefna og verkefna á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu jafnframt því að annast framkvæmd samningsins.

Samningurinn við Austurland var fyrst gerður árið 2002, en hefur verið endurnýjaður síðan og gildir til ársloka 2010. Á árinu 2010 er framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samningsins 35,5 millj. kr., en framlag ríkisins alls 41,5 millj. kr.

Samningur við 17 sveitarfélög á Vesturlandi var undirritaður árið 2005 og gildi til ársloka 2008. Hann var framlengdur til ársloka 2009, og gerður hefur verið nýr samningur fyrir 2010-2011. Á árinu 2010 er framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samningsins 19 millj. kr., en framlag ríkisins alls 25 millj. kr.

Við hin fimm svæðin voru undirritaðir samningar í maí 2007 sem giltu til ársloka 2009 og gerðir voru nýir samningar fyrir 2010-2011. Á árinu 2010 eru framlög mennta- og menningarmálaráðuneytisins til samninganna þessi:

Við Eyþing, 16 sveitarfélög á Norðurlandi eystra 19 millj. kr., en framlag ríkisins alls 25 millj. kr.

Við 7 sveitarfélög á Norðurlandi vestra 19 millj. kr., en framlag ríkisins alls 25 millj. kr.

Við 10 sveitarfélög á Vestfjörðum 19 millj. kr., en framlag ríkisins alls 25 millj. kr.

Við 14 sveitarfélög á Suðurlandi 24 millj. kr., en framlag ríkisins alls 31 millj. kr.

Við 5 sveitarfélög á Suðurnesjum 15 millj. kr., en framlag ríkisins alls 19 millj. kr.

## Aðrar greinargerðir

Hér á eftir fylgja greinargerðir sem skýra nánar það samhengi í þekkingarstarfsemi sem skýrslan leggur grunn að. Fyrst er gerð grein fyrir starfsemi sem er hafin: fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum, þróunarvinnu um Netháskóla og starfsemi Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands. Í lokin eru almennir kaflar sem fela í sér vísbandingar um framtíðarsýn: um mikilvægi háskólastarfs í dreifbýli, um mikilvægi þekkingarsetra og um menningu sem kjölfestu þekkingarsamfélagsins.

### Fræðslu og símenntunarmiðstöðvar

Samtals starfa 10 svæðisbundnar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landinu, þar af 9 á landsbyggðinni. Þær mynda Kvasi, félag fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Upphaflega var Kvasir félag fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni en eftir að Mímir-símenntunarmiðstöð var samþykkt sem félagi í Kvasir náði félagið einnig yfir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar í Reykjavík. Tekið skal fram að fleiri fræðslumiðstöðvar eru á landinu t.d. námsflokkar Hafnarfjarðar, lðan o. fl.

Umtalsverð starfsemi er í kringum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landinu en fjármögnun miðstöðvanna er mismunandi eftir landshlutum. Flestar fá grunnframlag frá ríkinu, tekjur vegna lengri námsbrauta, náms- og starfsráðgjafar frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins auk sértekna af námskeiðum og þróunarverkefnum af ýmsu tagi.

Auk aðildarfélaga í Kvasi starfa tvö sjálfstæð háskólasetur á landsbyggðinni, Háskólasetur Vestfjarða og Háskólafélag Suðurlands. Hlutverk þeirra er hvort tveggja, að veita fjarnemum í háskólum landsins þjónustu og þróa staðbundið háskólanám. Í báðum tilvikum hafa þessar stofnanir orðið til í kringum áhuga og stuðning sveitarfélaga á svæðunum. Með tilkomu þessara setra var háskólaþjónusta fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á svæðunum flutt frá þeim til viðkomandi háskólasetra. Þar með var símenntun- og fullorðinsfræðsla aðskilin frá háskólaþjónustu á svæðinu. Rætt hefur verið innan Kvasis hvort fyrrgreind setur eigi ekki heima innan samtakanna vegna svæðisbundinnar þjónustu þeirra og þess samstarfs sem er á milli háskólasetrana og símenntunarmiðstöðvanna á viðkomandi svæðum um námsráðgjöf, námsaðstöðu, búnað o. fl.

Þjónusta fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni við háskólanámi er mismunandi. Allar miðstöðvarnar halda utan um símenntun, auk þess að veita náms- og starfsráðgjöf. Flestar sinna einnig málefnum innflytjenda sem og þjónustu við fjarnám á háskólastigi. Einungis tvær af miðstöðvunum þjónusta einnig rannsóknir á sínu svæði, eins og sést á þessari töflu:

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvará landsbyggðinni	Símenntun	Náms- og starfsráðgjafar	Stuðningur við rannsóknir og þróun	Þjónusta við fjarnám á háskólastigi	Málefni innflytjenda
Þekkingarnet Austurlands	x	x	x	x	x
Þekkingarsetur Þingeyinga	x	x	x	x	x
Farskólinn, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	x	x		x	x
Símenntunarmiðstöð Vestfjarða	x	x			x
Fræðslunet Suðurlands	x	x			x
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	x	x		x	x
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	x	x		x	x
Símey, miðstöð símenntunar í Eyjafirði	x	x			
Víska fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	x	x			x

## Netháskólaverkefnið

Þekkingarnet Austurlands hefur, fyrir hönd Kvasis, unnið með mennta- og menningarmálaráðuneytinu að þróun svokallaðs „Netháskólaverkefnis“ sem ætlað er að byggja upp samstarfsvettvang háskóla og fræðslumiðstöðva um dreifnám á Íslandi. Unnar hafa verið skýrslur um fjarnám á Íslandi (2006), fjarnámsnet erlendis (2006)<sup>1</sup>, gerð hefur verið fyrirmynd að heimasíðu fyrir samstarfsnetið og þarfagreining meðal háskólanna um hvernig gera megi samræmdan gagnagrunn um dreifnám með tengingu gagnagrunna háskólanna (2008-2009).<sup>2</sup> Árið 2008 fékk ÞNA styrk frá Leonardó í þekkingaryfirfærsluverkefni þar sem unnið er áfram með hugmyndir um Netháskólalíkan. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Háskólinn á Akureyri, Lews Castle College í Skotlandi, Jönköping University í Svíþjóð og SmartLabrador í Nýfundnalandi.

Meginmarkmið verkefnisins eru að:

- Stuðla að auknu samstarfi háskóla um aukið og samræmt framboð á háskólanámi
- Auka jafnrétti til náms m.a. með tilliti til búsetu
- Styrkja samstarf háskóla og fræðslumiðstöðva um þjónustu við háskólanema í nærumhverfi þeirra
- Leita lausna /aðferða til að þekkingar- og fræðasetur á landsbyggðinni geti þróað nám á háskólastigi
- Skilgreina aðferðir og stuðning við nemendur í dreifnámi, varðandi námsumhverfi og námsstuðning
- Háskólarnir skynji hlutverk sitt og mikilvægi í símenntun
- Auðvelda vinnandi fólki aðgengi að sveigjanlegu háskólanámi
- Undirbúa jarðveginn fyrir sameiginlega vefgátt eða markaðstorg fyrir háskóla

Í verkefninu hafa verið kynntar og settar fram ýmsar fyrirmyndir að sambærilegum samstarfsnetum í öðrum löndum svo sem University of Highlands and Islands í Skotlandi sem er samstarfsnet framhaldsskóla- og fræðasetra sem öðlast hefur viðurkenningu sem háskólastofnun auk þess sem framhaldsskólarnir í samstarfinu reka hefðbundna framhaldsskólastarfsemi. Netháskólinn í Svíþjóð er annað dæmi en þar hafa háskólarnir byggt upp sameiginlega skráningarsíðu og umsónarkerfi með námi, þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar um allt nám í Svíþjóð. Í Nýfundnalandi hafa öll skólastig sameinast um eitt námsumhverfi „Desire to learn“ sem auðveldar alla umsýslu og dregur úr kostnaði.

## Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir háskólaráð. Stofnunin er vettvangur fyrir samstarf Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök

<sup>1</sup> Unnið af Guðrúnu Rósu Þórsteinsdóttur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

<sup>2</sup> Unnið af Sigurbjörgu Jóhannesdóttur fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

og einstaklinga á landsbyggðinni og byggist á rannsókn- og fræðasetrum Háskóla Íslands um allt land. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl hans við atvinnu- og þjóðlíf. Starfsemi er kostuð af framlagi frá Háskóla Íslands og af sértekjum.

Á árinu 2009 voru starfandi fræðasetur átta talsins með 11 starfsstöðvum. Starfsemi í Vestmannaeyjum lá niðri, en alls eru starfsstöðvar 12.

Ársverk voru um 19 hjá Stofnun fræðasetra á árinu 2009, en auk þess nýttu rúmlega 20 meistara- og doktorsnemar aðstöðu á setrunum á árinu. Heildarvelta stofnunarinnar á árinu 2009 var um 170 mkr.

Öll setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og tengjast rannsóknir þeirra að jafnaði sérstökum aðstæðum á hverju svæði. Þrjú megin áherslusvið eru þó áberandi: umhverfisrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setrana og við Háskóla Íslands í Reykjavík. Í nýjasta setrinu á Skagaströnd er áherslusviðið hugvísindi. Áhersla er lögð á samstarf við þá aðila í héraði sem vinna að rannsóknum, fræðslu og þróunarstarfi og sambúð við slíka aðila t.d. í öðrum þekkingasetrum.

### Háskólastarfsemi og landsbyggðin

Starfsemi háskóla hefur stóraukist um allan heim undanfarinn áratug og sú þróun hefur verið mjög greinileg hérlendis. Á árunum 1997-2006 tvöfaldaðist fjöldi íslenskra háskólanema. Um leið hefur almenn áhersla á samfélagslegt mikilvægi háskóla stóraukist. Þetta sést í fjölgun setra í dreifðum byggðum sem tengjast ólíkum háskólum, sem og þróun fjar- og dreifnáms hérlendis og erlendis.

Því virðist sú almenna staðreynd að háskólastarfsemi sé grundvöllur öflugs atvinnulífs og menningar þjóða birtast okkur í æ ríkara mæli í smærri og dreifðari samfélagseiningum. Hérlendis markaði stofnun Háskólans á Akureyri árið 1987 tímamót í þessum efnum, en í kjölfarið fylgir efling háskólastarfs á Bifröst, Hvanneyri og Hólum. Á sama tíma stóreflir Háskóli Íslands starfsemi fræðasetra á landsbyggðinni og einnig eru stofnuð sjálfstæð háskólasetur og háskólanámssetur víða um land, m.a. tengd símenntunarmiðstöðvum.

Efnahagsleg- og menningarleg áhrif vaxandi háskólastarfs í dreifðum byggðum eru mjög greinileg og vel þekkt víða um heim. Í fyrsta lagi fjölgar háskólanemum á viðkomandi svæðum. Í öðru lagi hækkar menntunarstig íbúa af því að brautskráðir nemendur eru líklegri en ella til að setjast að í héraðinu og vegna þess að háskólastarfið krefst háskólamenntaðs fólks í akademísk störf og fólks með góða menntun í önnur störf. Háskóli laðar enn fremur nemendur í framhaldsnám (meistara- og doktorsnema). Í þriðja lagi hafa háskólastarfið og hærra menntunarstig íbúa jákvæð áhrif á efnahag og menningu. Þetta felst fyrst og fremst í aukinni fjölbreytni, nýsköpun og fagmennsku sem styrkir atvinnu- og mannlíf, laðar að fleira fólki og eykur tengsl og samstarf innan og milli héraða. Í fjórða lagi hefur háskólastarf jákvæð áhrif á sjálfsmynd íbúa og ímynd samfélaga; háskólarnir og fólki sem þeim tengist taka þátt í margs konar samfélagslegum verkefnum þar sem þekking og menntun hafa jákvæð og hvetjandi áhrif. Í fimmta lagi hafa umsvif háskólastarfsins margvísleg bein og óbein efnahagsleg og menningarleg áhrif, svo sem á útsvars- og neyrlutekjur sveitarfélaga og þjónustufyrirtækja af starfsfólki og nemendum og ekki síður á rekstrarforsendur grunnstofnana á borð við leikskóla og

grunnskóla. Síðast en ekki síst má nefna að efling staðbundins háskólastarfs eykur aðgengi fræðimanna og nemenda að mikilvægum auðlindum náttúru og menningar til rannsókna sem í mörgum tilfellum tengjast héraðsbundinni sérstöðu. Þetta eykur gæði og árangur rannsókna, eflir samstarf og styttir ferðalög í stóru landi. Ýmis fleiri atriði mætti nefna en greina má öll ofangreind áhrif aukins háskólastarfs á landsbyggðina héraðs og rannsóknir staðfesta það að hluta.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að stutt er síðan þessi þekkingarvæðing landsbyggðarinnar hófst héraðs. Atburðarásin hefur verið hröð og ekki alltaf fylgt sérstökum áætlunum eða stefnu. Þó hafa byggða- og sóknaráætlanir sveitarfélaga og ríkisins í æ ríkara mæli falið í sér eflingu hvers kyns þekkingarstarfsemi í heimabyggð. Ljóst er að með því að virkja þann kraft sem þessi þróun felur í sér og hugsa á heildrænan og skipulegan hátt um framtíð háskólastarfs um land allt er hægt að ná miklum árangri, bæði hvað snertir kennslu og rannsóknir háskóla, sem og samfélagslegt hlutverk þeirra. Þessi árangur næst með auknu samstarfi innan heimahéraðs og við öfluga háskóla utan þeirra.

### Áhrif þekkingarsetra í dreifbýli

Rannsóknir, menntun og annað háskólastarf er mikilvægur hluti mannlífs og þjóðlífs. Þetta hefur fólk á landsbyggðinni séð fyrir nokkru og því er mikill vilji um allt land að fá slíka starfsemi heim í hérað til að skapa þar eðlilegt og heillegt mannlíf. Svipað á við um aðra menningarstarfsemi, ef þetta vantar er umhverfið ekki fullnægjandi og fólk flytur frekar burt. Þótt þetta sé mikilvægasti þáttur þekkingarstarfsemi víða um land er fjölmargt annað sem skiptir máli.

Rannsóknir og hvers kyns fræðileg vinnubrögð eru orðin mikilvægur hluti af atvinnulífinu, ekki síður á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, t.d. rannsóknir í sjávarútvegi, landbúnaði og ferðaþjónustu sem og náttúru- og menningarrannsóknir. Eðlilegast og hagkvæmast er að þessar rannsóknir séu stundaðar í héraði, þar er bein þekking á vandanum fyrir hendi, fólk með staðarþekkingu, og aðstæður oftast hagstæðar til að skipuleggja slíka starfsemi, t.d. reka margs konar mælingar og kannanir. Nálægðin og sambúðin hvetja til skilnings og samstarfs sem flýttir fyrir þróun og nýsköpun.

Eitt stærsta hlutverk þekkingarsetra er að þau jafna þann mismun sem er á dreifingu þekkingar- og þjónustustarfa á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Til að skapa jafnvægi í búsetu er brýnt að hlutfall atvinnugreina í dreifbýli og þéttbýli sé nokkurn vegin sambærilegt. Þegar litið er til dreifingar starfa eftir starfsgreinum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar kemur í ljós að þekkingarstörf eru hlutfallslega mun færri á landsbyggðinni. Framleiðslustörf eru aftur á móti fleiri á landsbyggðinni. Í samfélagi nútímans eru ný störf að miklu leyti þjónustu- og þekkingarstörf sem oftast en ekki hafa verið staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur átt sinn þátt í þeirri röskun byggðar sem hefur orðið hér á landi því ungt fólk og konur sækja frekar í þekkingar- og þjónustustörf en framleiðslustörf. Þjónustustörf eru oft tengd þekkingarstarfsemi og eru því mjög þýðingarmikil fyrir nýsköpun og almenna atvinnu- og samfélagsþróun. Mikilvægt er að samfélagsumgerðin sé sem breiðust og heillegust og að samskipti séu á milli ólíkra starfsgreina. Áhrif þekkingarsetra á samfélagið eru af ýmsum toga:

- Blandað samfélag í dreifbýli
- Sömu atvinnuvegir í dreifbýli og þéttbýli
- Fleiri og fjölbreyttari möguleikar fyrir ungt, menntað fólk í héraði
- Fleiri störf fyrir konur
- Bætt sjálfsmynd íbúa

## Hver er menningarlegur grunnur þekkingarsamfélagsins?

Hefðbundin skipting auðlinda í náttúruauðlindir, vinnuafli og fjármagn er takmarkandi. Þekking er einnig auðlind sem markar nýjar leiðir til auðlindanýtingar. Þekkingarsamfélag er forsenda öflugis og framsækis atvinnulífs og það er hægt að byggja upp hvar sem menningarlegar forsendur leyfa.

Þekkingarsamfélagið tekur til allra atvinnugreina og er grundvöllur allrar skynsamlegrar og sjálfberrar auðlindanýtingar. Forsenda skilvirkar nýsköpunar er flæði þekkingar á milli fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana og samfélags. Byggja þarf upp virk samskiptanet þekkingarsetrana því samskipti og samstarf eru mikilvægir þættir í rannsóknum og þróun. Slík samskipti eru lykillinn að því að umbreyta rannsóknum og þróun í nýsköpun, vöruþróun, viðskiptatækifæri og samfélagsumbætur.

Raunveruleg nýsköpun sem getur aðeins sprottið úr öflugum menningarjarðvegi. Því þarf að samþætta nýja þekkingu við rótgróna, svæðisbundna þekkingu. Það skapar hverju svæði fyrir sig sérstöðu sem styrkir stöðu þess.

Varast þarf að líta á menningu (í víðum skilningi) eingöngu sem stuðning við atvinnulífið. Menning er það sem við erum og ef menningin er aum verður ekkert traust atvinnulíf byggt upp. Þess vegna þarf að leita leiða til þess að þekkingarsköpun setra skili sér út í samfélagið og menninguna, svo almennt menntunarstig hækki. Góð almenn menntun, með trausta kjölfestu í siðferði, gagnrýninni hugsun og menningarsögu, þar sem hið staðbundna er tengt við hið hnattræna, gerir hvern einstakling verðmætari og eykur þannig almenna hagsæld. Með því mun almenn verðmætasköpun smátt og smátt aukast samhliða því sem einstök nýsköpunarverkefni komast á fót.

Þessi atriði þarf að skoða í sögulegu og samfélagslegu ljósi. Á 20. öld var nútíma- og þéttbýlisvæðing á Íslandi hröð, svo dreifbýlið átti örðugt með að fylgja þróuninni. Þungamiðja samfélags og menningar færðist úr sveitum í þéttbýli og landsbyggðin glataði smátt og smátt forystuhlutverki sínu. Þetta varð til þess að frumkvæði fólks um mótun samfélagsins jafnt sem eigin örlaga minnkaði. Reynt var að bæta það upp og efla byggðir landsins með byggðastefnu þar sem tilbúnar lausnir komu ofanfrá í stað þess að kanna hvað sprottið gæti úr jarðveginum á hverjum stað fyrir sig. Á landsbyggðinni er staðgóð þekking með menningarlega kjölfestu árangursríkasta leiðin til að endurheimta glatað frumkvæði. Góð menntun og sterk menning byggja upp kraftmikið atvinnulíf sem þarf að spretta upp frá grunni. Samfélagið í heild þarf að verða skapandi.

Mat á framlagi og starfssviði þekkingarsetra í víðu menningarlegu samhengi felst umfram allt annað í því að takast á við eftirfarandi spurningar: hvernig/hvaða þekking er til, hvaða þekkingu vantar, hvernig á að veita henni inn í samfélagið og menninguna og hver á árangurinn að verða? Á hverjum stað þarf að byggja upp grunnþekkingu á sögu, menningu, atvinnulífi, samfélagi, siðferði, náttúrufari, og staðbundnum sérkennum í hnattrænu ljósi. Það mun skila öflugri akademískri nýsköpun á grunni þverfaglegrar hugsunar; hærra menntastigi, meiri hugmyndaauðgi og frumkvæði. Dæmi um þekkingartengda starfsemi sem af þessu skapast er menningartengd ferðaþjónusta. Svæðisbundin þekking og úrvinnsla hennar getur laðað að ferðamenn hvaðanæva að úr heiminum. Þegar staðir verða eftirsóttir fyrir ferðamenn verða þeir einnig aðlaðandi til búsetu. Um leið styrkist menningarleg kjölfesta sem býr í haginn fyrir nýsköpun í atvinnulífi. Í stuttu máli er ljóst að þekkingarframboð setra getur skapað grundvöll á tilteknum svæðum fyrir nýsköpun, eftt framtaksemi í atvinnulífi og gert staði aðlaðandi til búsetu fyrir menntað vinnuafli.

## Viðauki

### Skýringar við kort af vinnusóknarsvæðum þéttbýlisstaða.

Svæðin eru:

- 1 Borgarnes  
Spannar Borgarfjarðardali, Mýrar, Skipaskaga og höfuðborgarsvæðið.
- 2 Bifröst  
Spannar Borgarfjörð og Dali að Búðardal.
- 3 Stykkishólmur  
Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaðanna á norðanverðu Snæfellsnesi, Hellisands, Rifs, Ólafsvíkur, Grundarfjarðar og Stykkishólms.
- 4 Reykhólar  
Austurhluti Barðastrandar, að Króksfjarðarnesi.
- 5 Patreksfjörður  
Vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á sunnanverðum Vestfjörðum, Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar.
- 6 Ísafjörður  
Svæði þéttbýlisstaða á norðanverðum Vestfjörðum, Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Súðavíkur.
- 7 Hólmavík  
Hólmavík, Drangsnæs og svæði suður um Kollafjörð og Bitrufjörð.
- 8 Hvammstangi  
Frá Borðeyri í vestri að Vatnsdal í austri.
- 9 Blönduós  
Svæði Skagastrandar og Blönduóss, inn Vatnsdal og Langadal.
- 10 Sauðárkrúkur  
Frá Skagaströnd og Blönduósi í vestri, Hólum og Hofsósi í austri og Skagafjarðardölum í suðri.
- 11 Siglufjörður  
Nær inn í Fljót, að Haganesvík. Um Héðinsfjarðargöng mun svæðið tengjast svæði þéttbýlisstaðanna við Eyjafjörð.
- 12 Akureyri  
Svæði þéttbýlisstaðanna vestan Eyjafjarðar, Ólafsfjarðar, Dalvíkur, Litla-Árskógssands og Hauganess og austan fjarðar, Grenivíkur og Svalbarðseyrar, skarast á Akureyri.
- 13 Húsavík  
Nær austur um Tjörnes í Öxarfjörð og til suðurs um Laugar að Reykjahlíð og Mývatni.
- 14 Kópasker  
Nær norður að Leirhöfn og inn í Öxarfjörð.
- 15 Raufarhöfn  
Nær yfir svæðið næst Raufarhöfn.
- 16 Þórshöfn  
Nær yfir Þistilfjörð að Rauðanesi.
- 17 Vopnafjörður  
Nær út með Vopnafirði beggja vegna og inn dalina.
- 18 Bakkagerði  
Nær yfir Borgarfjörðinn.
- 19 Egilsstaðir  
Nær norður um Jökulsárhlið og Hjaltastaðapínghá, austur til Seyðisfjarðar og suður um dalina og til Reyðarfjarðar. Á Egilsstöðum skarast vinnusóknarsvæði Seyðisfjarðar og Reyðarfjarðar.
- 20 Reyðarfjörður  
Nær yfir svæði þéttbýlisstaðanna, Egilsstaða, Neskaupstaðar, Eskifjarðar, Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar í suðri.
- 21 Breiðdalsvík  
Nær yfir Breiðdalinn.
- 22 Djúpvogur

- Nær frá Berunesi í norðri suður yfir Álftafjörð.
- 23 Höfn  
Nær yfir Lón, Nes og Mýrar.
- 24 Klaustur  
Nær austan frá Fljótshverfi vestur að Þykkvabæ.
- 25 Vík  
Spannar Mýrdalinn, frá Múlakvísl í austri vestur að Jökulsá á Sólheimasandi.
- 26 Vestmannaeyjar  
Nær yfir Heimaey sjálfa.
- 27 Hvolsvöllur  
Nær austan frá Skógum, vestur um Hellu að Selfossi. Fellur að miklu leyti saman við vinnusóknarsvæði Hellu og Selfoss.
- 28 Selfoss  
Austan frá Markarfljóti, norðan frá Haukadal og Laugarvatni og vestur til Þorlákshafnar, Voga og Hvergerði og til Reykjavíkur
- 29 Keflavík  
Svæði þéttbýlisstaðanna á Reykjanesi, Keflavíkur, Keflavíkurflugvallar, Garðs, Sandgerðis, Njarðvíka og Voga. Nær til austurs og norðurs yfir höfuðborgarsvæðið.
- 30 Höfuðborgarsvæðið  
Höfuðborgarsvæðið og Suðvestursvæði 20/20 sóknaráætlunar, sýnt röndótt. Nær yfir hluta af vinnusóknarsvæðum nr. 1, 28 og 29